

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**
www.vverk.is

Háprýstipvottur
Kjarnaborun
Steinsögum
Sími: 456 6600

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is



Simanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156

 Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 18. október 2007 · 42. tbl. · 24. árg.

Hermaður, lærður tam- búruleikari og rollubóndi



– rúm tíu ár eru liðin síðan Yordan Yordanov fluttist frá Búlgaríu til Íslands, og eiginkona hans hefur verið hér ári skemur. Allan tímann hafa þau verið búsett á Vestfjörðum, fyrst á Ísafirði og svo í Súðavík. Í fyrstu átti Íslandsvölin að standa yfir í stuttan tíma, en eitthvað hefur teigst á henni og ekkert fararsnið á þeim hjónum. Yordan er aktífur maður og lætur sitt ekki eftir liggja í litlu samfélagi eins og því sem er í Súðavík. Hann hefur stofnað þar fyrirtæki og er orðinn bóndi. Yordan er í viðtali í miðopnu.

Vestfirðing- um fækkaði lítillaga

Vestfirðingar eru 7.380 talsins samkvæmt áætlun Hagstofu Íslands um mannfjölda miðað við 1. október sl., og hefur einungis fækkað um 25 á einu ári. Ef lítið er til einstakra sveitarfélaga þá hefur Bolvíkingum fjölgað úr 872 í 916, íbúum Ísafjarðarbæjar hefur hins vegar fækkað úr 4.066 í 3.992 eða um 74. Íbúum Reykhólahrepps fjölgaði úr 239 í 260. Í Tálknafjarðarhreppi fjölga íbúum verulega, úr 239 í 293.

Íbúum Vesturbyggðar fjölga einnig eða úr 936 í 943. Íbúum í Súðavíkurhreppi fækkar um 25 manns, úr 235 í 210. Í Árneshreppi fækkar íbúum úr 50 í 46, íbúatala í Kaldrananeshreppi stendur í stað en íbúum fjölga í Bæjarhreppi um sex og eru þeir nú 107 talsins. Þá fjölga íbúum í Strandabyggð lítillaga, úr 507 manns í 511. Samkvæmt þessu fjölga í flestum byggðum en mesta blóðtakan er í Ísafjarðarbæ þar sem fækkunin er 0,35%.

Rétt er að áréttu að tölur fyrir 1. október byggjast á áætlun og taka þær þar með varúð þar sem atvigli vekur að miðað við tölur Hagstofu Íslands um miðársmannfjölda voru Vestfirðingar 7.519 talsins þann 1. júlí í ár og hefur því þeim fækkað um 139 á hálfu ári. Vestfirðingum fækkaði um 1.283 frá árinu 1997, þegar þeir voru 8.802 talsins.

140 milljónir í aukaframlag til vestfirskra sveitarfélaga

Rúmlega 140 milljónir koma í hlut vestfirskra sveitarfélaga af 700 milljóna króna aukaframlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Vesturbyggð fær rúmlega 40 milljónir, Ísafjarðarbær tæplega 38 milljónir, Bolungarvík 17,5 milljónir, Tálknafjörður fær rúmar 16 milljónir, Reykhólahreppur tæpar 15 og Strandabyggð átta milljónir. Þá fær Kaldrananeshreppur rúmar sex milljónir, Súðavík rúmar tvær og Árneshreppur á Ströndum tæpa hálf milljón vegna þróunar útsvarstofns.

Félagsmálaráðherra ákvað

í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, að veita aukaframlag til sveitarfélaga á árinu 2007. Framlaginu er ætlað að jafna aðstöðumun sveitarfélaga sem talin eru í mestri þörf fyrir sérstakt viðbótarframlag vegna þróunar í rekstrarumhverfi þeirra og erfiðra ytri aðstæðna.

Á grundvelli viljayfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. mars 2007 nemur þetta tímabundna aukaframlag 1.400 milljónum króna á árunum 2007 og 2008. Framlagið er veitt sveitarfélögum vegna íbúafækkunar, vegna íbúapróunar auk þess vegna þróunar útsvarstofns, einnaðra sveitarfélaga vegna þróunar útsvarstofns.



Ísafjarðarbær fær tæplega 38 milljónir í aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Litill heimur ... hugsum stórt



www.eimskip.is

Dagurinn í dag

18. október 2007 – 291. dagur ársins

Pennan dag árið 1914 voru lög um notkun bifreiða staðfest. Enginn mátti stýra bifreið nema hann væri „fullra 21 árs að aldri“. Í þéttbýli mátti ökuhraði aldrei vera meira en 15 km á klukkustund en 35 km utan þéttbýlis.

Afli Vestfirðinga dregst saman

Landaður afli á Vestfirðum hefur dregist mikið saman milli ára. Í tölum Hagstofunnar kemur fram að í september í ár komu land 2.800 tonn. Í september í fyrra komu land rúmlega 4.000 tonn. Alls var landað ríflega 1.300 tonnum minna af þorski í s.l. september en fyrir ári. Skýrir þetta að öllu leyti þann mikla samdrátt í lönduðum afla. Sem dæmi má nefna að í fyrra komu 773 tonn á land á Flateyri en einungis 45 tonn í síðasta mánuði.

Eins og kunnugt er hætti fiskvinnslan Kambur starfsemi í sumar og skýrir það hrúnið á Flateyri. Á tímabilinu dróst afli saman um tæplega helming á Ísafirði. 1.186 tonnum var landað í september í fyrra en einungis 584 tonnum í liðnum



mánuði. Afli dróst saman í öllum tegundum nema rækju, steinbít og þykkvalúru, en engin rækjuveiði var stunduð frá Ísafirði í fyrra.

Afli Bolvíkinga dróst eitthvað minna saman, var ríflega 1.000 tonn í fyrra en tæp 700 tonn í ár. Á Suðureyri var landað þremur tonnum meira liðnum síðasta mánuði en í september 2006, eða 333 tonnum. Eins og annars staðar var þar landað mun minna af þorski, eða 50 tonnum á móti 140 í fyrra en ríflega 100 tonnum meira af ýsu komu á land á tímabilinu.

Ekki mikið um flækingsfugla á Vestfirðum

Ekki hefur verið tilkynnt um fágæta fugla á Vestfirðum þrátt fyrir að sjaldgæfar erlendar fuglategundir hafi sést víða um landið undanfarna daga, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. „Það eru tvær ástæður fyrir því að flækningar sjást lítið hér fyrir vestan: Önnur er að lægðirnar koma upp að landinu á SA-SV landi og yfirleitt með fugla frá Evrópu. Hin að það eru fáir fuglaskoðarar á Vestfirðum og að ég held enginn sem er að leita að flækningum“, segir Böðvar Þórisson hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Að sögn Böðvars ættu flækningar að sjást á Reykhólum, Tálknafirði og nágrenni og svo koma tilkynningar frá Þingeyri annað slag.



Núverandi staðsetning olíubirgðastöðvar á Ísafirði er við Suðurgötu.

Styttist í framkvæmdir við olíubirgðastöð í Mávagarði

Senn verður ráðist í framkvæmdir við að reisa olíubirgðastöð í Mávagarði við Sundahöfn á Ísafirði. Að sögn Guðmundar M. Kristjánssonar, hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar, verður farið bráðlega í innkaup á stáli og því næst í landmótun fyrir hafnargarð.

„Þetta er næsta stórverkefni hafnarinnar nú þegar endurbýggingu Ásgeirsbakka er að ljúka“, segir Guðmundur.

Siglingastofnun er að undirbúa útbod á verkinu sem felst í gerð 60 metra stálþilsbryggju á 9 metra dýpi og lagnir og þekju fyrir 1.400 fermetra

svæði. Framtíðarstaðsetning fyrir olíubirgðastöð hefur verið í umræðunni í nokkur ár en málið komst á fullan skrið þegar olíufélögin sóttu eftir stækkun á lóð sinni við Suðurgötu upp á 1.130 fermetra.

Mávagarður hefur lengi verið sigtinu sem ákjósanleg

staðsetning. Vinnuhópur um framtíðarstaðsetningu lauk starfi sínu í apríl í fyrra, eftir að skýrsla sem unnin var fyrir hópinn af VST var tilbúin. Í úttekt VST var farið yfir kosti og galla þeirra þriggja staða sem til greina komu, en það voru auk Mávagarðsins.

Sáttamiðlun innleidd á Vestfirðum

Lögreglan á Vestfirðum hefur nú bæst í hóp þeirra lögregluliða sem bjóða brotaþolun og sakborningum upp á málsmeðferð sem nefnist „sáttamiðlun“. Eins og heiti úrræðisins ber með sér er hér um að ræða möguleika þar sem reynt er að ljúka kærulátum með sátt málsaðila. Úrræðið byggir á tilraun sem hófst erlendis og hefur verið í þróun í mörgum ríkjum, m.a. í Evrópu. Dómsmálaráðuneytið hefur hrundið af stað tveggja ára tilraunaverkefni sem lýtur að því að reyna þessa málsmeðferð hérlandis, en að þeim tíma liðnum verður árangur verkefnisins metinn og ákveðið hvort úrræðið skuli verða varanlegur hluti refsivörslukerfisins.

Úrræðinu er aðeins beitt ef brotaþoli og gerandi samþykki þessa málsmeðferð, gerandi hafi viðurkennt brotið og að hann hafi ekki áður gerst sekur um alvarleg eða ítrekuð hegningarlögreglu. Tilgangur meðferðarinnar er að fá hinn brotlega til að skilja þau rangindi sem hann hefur viðhaft og fá hann til að friðmælast við brotaþola með það fyrir augum að þeir komist að samkomulagi um málalok.

Að baki sáttamiðlun býr sú grundvallarhugmynd að fólk sé fært um að leysa sjálft úr ágreiningsmálum sínum. Hugmyndafræðin felur í sér að: Gerandi og brotaþoli geti sjálfir unnið að lausn ágreiningsmála, náð sáttum og bætt þann skaða sem brotið hefur valdið.

Hagsmunir brotaþola eru í fyrirrúmi, en jafnframt hugað að hagsmunum geranda og samfélagsins í heild. Leitast er við að leiða gerendur á rétta braut og fyrirbyggja frekari afbrot. Auka öryggi borgaranna. Meðferð mála er skjótari og álagi létt af refsivörslukerfinu.

Með sáttamiðlun er leitað nýrra leiða til að takast á við afbrot og afleiðingar þeirra. Leitast er við að ljúka málum vegna minniháttar brota á einfaldan og fljótlegan hátt og þannig að sýnileg tengsl séu milli hins refsiverða verknaðar og málaloka. Með því er stuðlað að því að koma í veg fyrir frekari afbrot.

Það eru eingöngu sérþjálfaðir lögglumenn sem koma

áð þessari vinnu og kallast þeir „sáttamenn“. Fimm slíkir lögglumenn hjá embætti lögglustjórans á Vestfirðum sátu námskeið í síðustu viku, sem lauk með því að eitt mál var tekið fyrir og lauk því farsælega, eða með sátt milli brotaþola og geranda.

Þrjú lögglumenn á starfsstöðinni á Ísafirði hafa réttindi til að ljúka tilteknum málum með sáttamiðlun, einn lögglumaður á starfsstöðinni á Hólmarvík og einn á starfsstöðinni á Patreksfirði. Lögreglan á Vestfirðum ber miklar væntingar til þessa tilraunaverkefnis og sér ákveðin sóknarfæri því tengdu, ekki síst fyrir samfélagið á Vestfirðum.

– thelma@bb.is



Vöruhúsaþjónusta hjá Eimskip á Ísafirði

Leitað er að ábyrgum einstaklingi til starfa í afgreiðslu og vöruhúsi Eimskips á Ísafirði. Fyrir réttan aðila er í boði fjölbreytt, áhugavert og krefjandi starf með margvíslegum tækifærum til faglegs og persónulegs þroska. Æskilegt er að viðkomandi starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Vörumóttaka
- Vöruafgreiðsla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Lyftararéttindi
- Meirapróf
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð þjónustulund og jákvæðni
- Hreint sakarvottorð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hafþór Halldórsson, rekstrarstjóri Eimskips á Ísafirði í síma 525 7891 og á netfanginu hrh@eimskip.is.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Átta teknir fyrir of hraðan akstur

Í síðustu viku voru átta ökumenn voru kærðir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum. Sá sem hraðast ók var stöðvaður eftir að hafa mælst á 108 km hraða á Hnífsdalsvegi en þar er hámarkshraðinn 80 km. Þá voru aðvörunarmiðar límdir á 45 bifreiðar á Vestfjörðum þar sem eigendum þeirra var gefin sjö daga frestur til að færa þær til skoðunar. Fjögur umferðarhöpp voru bókuð í dagbók lögreglunnar á Vestfjörðum í vikunna en þau voru öll minniháttar. Á aðfaranótt laugardagsins voru lögreglumenn á Ísafirði kallaðir að Edinborgarhúsinu á Ísafirði vegna ölvunar og slagsmála þar fyrir utan. Ekki kom til þess að lögregla þyrfti að fjarlægja menn af staðnum vegna þessa. Aðfaranótt sunnudagsins stöðvuðu lögreglumenn á Hólmavík slagsmál ölvæðra manna á hafnarsvæðinu á Hólmavík.



Byggingar á Ísafjarðarflugvelli eru á hættusvæði C.

Ísafjarðarflugvöllur á snjóflóðahættusvæði

Samkvæmt nýju mati Veðurstofu Íslands á hættu vegna ofanflóða í Tungudal og innri Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði

er byggingar á Ísafjarðarflugvelli og gangamunninn við jarðgöngin í Tungudal á rauðu hættusvæði. Gunnar Guðni

Tómasson hjá hættumatsnefndinni sagði í samtali við ruv.is að hættusvæðin sem um ræðir segi það eitt að ekki

megi byggja á þessum svæðum. Að því er fram kemur á vef Svæðisútvarpsins á Ísafirði er matið til viðbótar því mati sem gert var fyrir fimm árum og tekur til þess umhverfis sem fólk býr ekki að staðaldri. Þá sé komið endurmat á Seljalandshverfi þar sem varnargarður er risinn ofan byggðarinnar.

Þá er flugvallarsvæðið á hættusvæði undir Innri-Kirkju-

bólshlíð en í matinu segir að þrátt fyrir að ekki sé mikil byggð á svæðinu er þar starfsemi sem er mikilvæg fyrir Ísafjarðarbæ og nágrenna-sveitarfélög. Byggingar á Ísafjarðarflugvelli eru á hættusvæði C og þarf þar að huga sérstaklega að viðbrögðum vegna þess að búast má við miklum mannsöfnuði þar.

Svæðin sem um ræðir í hættumatinu eru Seljalands-

hverfi og Tunguskeið, eftir byggingu varnarmannvirkja á Seljalandsmúla, og hættumat fyrir Tungudal, Dagverðardal og Innri-Kirkjubólshlíð. Hættumatsnefnd Ísafjarðarbæjar kynnti tillöguna að hættumatinu á föstudag. Tillagan er síðan aðgengileg almenningi á bæjarskrifstofunni í fjórar vikur, þ.e.a.s. til miðvikudags 14. nóvember 2007.

– thelma@bb.is

Rækjuvinnsla hafin á ný á Ísafirði

Búið er að skrifa undir kaupsamning milli væntanlegs hlutafélags og skiptastjóra rækjuverksmiðjunnar Miðfells á Ísafirði og hófst rækjuvinnsla á ný á Ísafirði á föstudag, sjö vikum eftir að greint var frá því á bb.is að Jón Guðbjartsson og fleiri hefðu áhuga á að kaupa verksmiðjuna. Stofnendur

félagsins eru Bygðastofnun og útgerðarfélagið Birnir. Fleiri aðilar koma til með að gerast stofnfélagar, en verið er að bíða eftir kennitölu og nýju nafni á fyrirtækið til að svo geti orðið. 22 starfsmenn mættu til á föstudag og er stefnt á að þeir verðir rúmlega 30 innan tíðar.

„Þetta er alveg frábært, við

erum öll í sjöunda himni yfir þessu. Við vonum bara öll saman að þetta eigi eftir að ganga því þetta skiptir svo gríðarlega miklu máli að hafa þessa verksmiðju. Rúm 30 störf fyrir bæjarfélagið“, sagði einn starfsmanna verksmiðjunnar við blaðamann á föstudag.

– gunnaratli@bb.is

Sala á Suðurtanga gæti þýtt endalok Sæfara

Hluti af aðstöðu siglingaklúbbsins Sæfara á Ísafirði hefur verið boðinn til sölu og segir Örn Torfason, formaður félagsins, að ef Sæfari missi aðstöðuna þýði það mikil óþægindi fyrir starf félagsins. Forsaga málsins er sú að Sæfari hefur haft aðstöðu í Suðurtanga 2 í Neðstakaupstað um árabíl, aðstöðu sem hefur verið að hluta í eigu Miðfells þar til nýlega. Þegar vinnsla var hætt í Miðfell keypti Bygðastofnun stærstan hlut í rækjuverksmiðjunni og setti eignina á Suðurtanga á sölu.

„Miðfell styrkti okkur með því að veita okkur aðstöðu í

Suðurtanga endurgjaldslaust. Ef Sæfari missir þennan hluta húsnæðisins þá missum við mjög mikilvægan hluta af því húsnæði sem við höfum í dag. Það er að minnsta kosti augljóst að uppbyggingar- og barnastarf yrði í hættu,“ segir Örn.

Aðstaðan þykir hæfa siglingaklúbbum afar vel enda alveg við Pollinn. Í umræddu húsnæði er meðal annars búningsaðstaða með fataskápum, þurrkherbergi, sturtuadstaða og hluti af geymsluplássi fyrir kænur, kayaka og aðra báta í eigu Sæfara.

Samkvæmt óstaðfestum

heimildum BB hafa sjö tilboð borist í eignina. Örn segir að sú starfsemi sé vandfundin sem myndi henta betur en þessi, þegar horft er til staðsetningar, umgengni og þess mikla lífs og fjörs sem fylgir Sæfara. Enda sé það í næsta nágrenni við elstu húsaþyrpingu á landinu sem er að finna í Neðstakaupstað og er mikið ferðamannaádráttarafl.

Sæfari er félag áhugamanna um sjósport á Ísafirði og samanstendur af kayak- og seglbátaunnendum auk sportbátunnenda. Um 250 manns eru skráðir í félagið.

– thelma@bb.is

Styrkir til menningarstarfsemi

Menningarráð Vestfjarða auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki til menningarstarfs á Vestfjörðum, á grundvelli samnings Fjórðungssambands Vestfirðinga við menntamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti frá 1. maí 2007. Tilgangur styrkjanna er að styrkja menningarstarfsemi og menningartengda ferðaþjónustu á Vestfjörðum.

Árið 2007 er áhersla lögð á verkefni sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

- Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.
- Nýsköpun á sviði lista- og menningarstarfs.
- Verkefni sem miða að fjölgun starfa.
- Verkefni sem stuðla að eflingu fagþekkingar á sviði menningar og lista.

Umsóknarfrestur er til 2. nóvember 2007.

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðiblað sem skila þarf með styrkumsóknum má finna á heimasíðu Menningarráðs Vestfjarða – www.vestfirskmenning.is.

Allar nánari upplýsingar gefur Jón Jónsson, menningarfulltrúi í síma 891 7372 eða á netfanginu menning@vestfiridir.is.

vestfirskmenning.is

Sundhöll, hótél, smábátahöfn og þjónustukjarni á Torfnæsri

Sundhöll, smábátahöfn, þjónustukjarni og hótél eru meðal hugmynda Ísafirðingsins Úlfars Ágústssonar um betri bæ. Hann kynnti hugmyndir sínar um landfyllingu fyrir neðan Torfnæs í síðustu sveitarstjórnarkosningum og síðan hafa margir sýnt þeim áhuga. Nú hefur arkitektastof-

an Arkiteó teiknað upp frumhugmynd að nýju Torfnæsri eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. „Þetta er allt á frumstigi og menn hafa sýnt áhuga en það vantar framkvæmdaá-tila“, segir Úlfar. Þá hafa menn einkum sýnt áhuga á höfn fyrir stærri skemmtibáta sem hafa lítið rými annars staðar.

„Það væri tilvalið fyrir okkur að bjóða upp á örugga vörslu fyrir skemmtibáta þar sem mikið skemmtibátasvæði er í nágrenni við bæinn eins og til að mynda við Hornstrandir. Við erum einnig í bestu aðstöðu til þess að bjóða þeim sem eru á leið til Austur-Grænlands þjónustu, eins og

til dæmis stærri snekkjum. Vegna staðsetningar okkar og nálægðar við Grænland væri það tilvalið að menn alls staðar úr heiminum gætu komið við á Ísafirði og sótt þá þjónustu sem þeir þurfa áður en haldið er áfram.“

Úlfar telur einna mikilvægast að koma upp sundlaug. „Vestfirðingar þurfa alvöru

sundhöll með útiaðstöðu. Ég er líka sannfærður um að þetta sé rétta staðsetningin fyrir sundlaug því að þegar byrjað verður að leita að hita í firðinum munum við hafa kost á að koma þarna upp það strönd. Þá væri einnig hægt að reisa fimm stjörnu hóteli á rifinu, en það er það sem þörf er á. Við þurfum ekki fleiri svefn-

pokapláss heldur hágæða hótél fyrir þá sem vilja eyða miklum pening í gistingu.“

Er þetta aðeins brot af hugmyndum Úlfars en eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er m.a. gert ráð fyrir lúxusbúðum með útsýni yfir byggðina, aðkomubryggju fyrir smærri skemmtiferðaskip og göngu- stíg meðfram sjónum.



Frumhugmynd að nýju Torfnæsri á Ísafirði. Mynd: Arkiteó.

Vantar þig kjól fyrir árshátíðina?

Verzlunin Emilía verður með opið hús laugardaginn 20. október nk. í gamla sláturhúsinu á Þingeyri frá kl. 13:00 - 17:00.

Glæsilegur kvenfatnaður fyrir öll tækifæri í stærðum 34-52. Frábær tilboð í gangi!

Hjartanlega velcomin. Kaffi á könnunni!



Sími 588 9925
Glæsilegur fatnaður.
Galakjólur fyrir árshátíðina og jólahlaðborðið!



Endilega lítið á heimasíðuna og skoðið úrvalið! (Hringið og ég kem með þau föt sem þið viljið sjá)

www.gala.is



Johnny and the rest heilluðu áhorfendum með blúsudum rokktonum í Edinborgarhúsinu.

Blús- og rokkveisla í Edinborgarhúsinu

Mikil stemmning var á Edinborgarhúsinu á Ísafirði á föstudaskvöld þegar blús- og rokkveisla var í boði tveggja vestfirskra hljómsveita, Johnny and the rest frá Patreksfirði og Heavy Load Men, eða Þungavigtarmennirnir, frá Flateyri. Salurinn var þéttsetinn þegar blús og rokk-tónarnir hljómuðu. Fyrstir á svið voru hljómsveitin

Heavy Load Men sem skipað er Halldóri Gunnari Pálssyni, Ónundi Pálssyni, Valdimar Olgeirsyni, Stefáni Baldurssyni og Stefáni Jónssyni.

Því næst steig Johnny and the rest á stökk en hljómsveitin hefur verið að hasla sér völl í tónlistarbransanum undanfarin tvö ár. Um helgina voru þeir í nýppsettum upptökuveri á

Flateyri við tókur á nýrri plötu. Á laugardag mun hljómsveitin á Iceland Airwaves sem haldin verður í níunda skipti dagana 17.-21. október. Johnny and the rest skipa þeir Bragi Eiríkur Jónsson, Guðmundur Þór Gunnarsson, Jóhann Jónsson og Hrafnkell Már Einarsson.

- thelma@bb.is

Hefur þú nýtt þér þjónustu Impru?

www.impra.is

Styrkir

fyrir einstaklinga og fyrirtæki á landsbyggðinni

Styrkir geta m.a. verið til:

- þróunar á þjónustu eða vöru í starfandi fyrirtækjum
- kaupa á ráðgjöf til nýsköpunar og umbóta í rekstri
- að þróa viðskiptahugmyndir frumkvöðla

Umsoeknir um styrki eru afgreiddar mánaðarlega.

Kynntu þér málið á www.impra.is

Nánari upplýsingar veita

Sigurður Steingrímsson s 470 7972, sigurdurs@nmi.is, og Guðmundur Óli Hilmisson, s 470 7977, goh@nmi.is.





25% afsláttur
139 kr/stk
 Verð áður 186 kr/stk
 Nautahamborgarar 120 gr úr kjötbörði*

Mikið úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 18. okt. - 21. okt.



GODI
509 kr/kg
 Verð áður 729 kr/kg
30% afsláttur
 Medisterpýlsa



KEA
1.249 kr/kg
 Verð áður 1.795 kr/kg
30% afsláttur
 Léttreyktur lambahryggur



449 kr/kg
 Verð áður 699 kr/kg
35% afsláttur

 Heill ferskur kjúklingur



1.139 kr/kg
 Verð áður 1.634 kr/kg
30% afsláttur
 Londonlamb frampartur



219 kr
 Verð áður 397 kr
Merrild 103 500 gr



99 kr
 Verð áður 140 kr
 Jacob's pítubrauð gróf og fin



99 kr
 Verð áður 179 kr
 Mix 2 litrar



99 kr
 Verð áður 149 kr
 Finn Crisp Sesam hrökkbrauð og Multigrain



199 kr
 Verð áður 359 kr
 Appelsínur 2 kg
289 kr/kg
 Verð áður 379 kr/kg
 Kínakál

Samkaup úrval

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður • Njaróvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd
 Verð bit með fyrirvara um prentvillur • Tilboðin gilda 18. okt. - 21. okt. • *Á eingöngu við þar sem fersk kjötbörð eru á staðnum

Fjármagn til minni vega þarf að auka

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ segja nauðsynlegt að fjármagn til annarra vega en stofnvega verði aukið. „Fjármagn til tengivega, héraðsvega og landsvega [...] þarf að auka. Fólk ekur sífellt meira um stór svæði í atvinnusókn og því þarf að bæta þessa vegi og þjónustu við þá“, segir í erindi Ísafjarðarbæjar til fjárlaganefndar alþingis. Undanfarin ár hefur verið fastur liður um vetrarsamgöngur í dreifbyli Ísafjarðarbæjar í erindi til nefndarinnar en því er sleppt í ár. „Ekki vegna þess að kostnaður hafi minnkað, þvert á móti heldur viljum við frekar minna á nauðsyn þess að fjármagn til annarra vega en aðalvega (stofnvega þarf að auka.“

Ritstjórnargrein

Blikur á lofti

Ekki var við öðru að búast en að ágreiningur yrði uppi um aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að mæta afleiðingum ákvörðunar sjávarútvegsráðherra um niðurskurð á þorskveiðum, sem hann tók að ráði Hafró manna og með blessun samráðherra sinna. Klögumálin ganga á víxl, ásakanir um spillingu, einkum hvað varðar úthlutun á byggðakvóta. Sjómenn eru ósáttir, tekjur margra þeirra munu rýna til muna, þótt sumir þeirra sleppi ef til vill fyrir horn. Fiskvinnslufólki hefur verið sagt upp störfum og menn óttast enn frekari uppsagnir í þeim geira. Þótt ríkissjóður hafi verið í stakk búinn til þola tekjumissi samfara aflaskerðingunni er greinilegt að fjöldinn allur, einstaklingar, útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki og sveitarfélög standa berskjölduð frammi fyrir vandanum.

Af og til er boðað að meiri friður ríki „nú“ en verið hafi um kvótakerfið. Umræðan í kjölfar mótvægisáðgerðanna hefur heldur betur staðfest hið gagnstæða. „Hvar eru nú mennirnir, sem hafa réttlætt tugmilljarða hagnað af viðskiptum með kvóta með því að þeir yrðu að vera undir það búnir að tapa líka? Hvar eru nú mennirnir sem sögðust tilbúnir að tapa ekki síður en að græða,“ spyr Morgunblaðið í leiðara 29. f.m. í umfjöllun um kröfu hagsmunasamtaka um frekari niðurfellingu veiðigjalda, en sem kunnugt er hafa stjórnvöld ákveðið af fella niður veiðigjald af þorski í tvö ár. En mikið vill meira, „þeir (útgerðarmenn) vilja fá meiri bætur í því formi að veiðigjaldið allt verði fellt niður,“ segir Morgunblaðið. Já, sér er nú hver friðurinn um kvótakerfið og fylgiskipa þess!

Eftir eindæma gott og þurrviðrasamt sumar tók við einhver umhleypingasamasti og úrkomumesti mánuður, sem menn muna. Hvort tíðarfarið í september boði hræringar í stjórn málum á vetri komanda skal ósagt látið. Nýverið færði umhverfisráðherra helstu stóriðjufyrirtækjum landsins ókeypis heimild til útblásturs gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2012. Hefði þó mátt ætla að sporin hræddu, að gjafakvótinn í fiskveiðistjórnunarkerfinu yrði ráðamönnum víti til varnaðar; að ekki yrði staðfestur nýr gjafakvóti á auðlindir landsmanna. Þarna á við, að seint lærist sumum. Þá má teljast undur ef með friðsömum hætti tekst að brúa það bil sem sýnilega er í uppsiglingu milli aðila í komandi kjarasamningum vegna þess gífurlega launamismunar sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu. Launakjör fjölmargra stétta eru í algjöru uppnámi. Í lengstu lög verður þó að halda í von um að vel til takist.

Saman dregið má líklega ganga að því sem gefnu að haustið verði vindasamt við Austurvöllinn í höfuðborginni. *s.h.*

Á þessum degi fyrir 12 árum

Ákærði leiksoppur í fjölskyldudeilu

„Átján ára piltur í Hafnarfirði var í gær dæmdur til 15 mánaða fangelsisvistar fyrir að hafa orðið fyrirverandi sambýlismanni móður sinnar að bana með því að aka bifreið sinni á hann. Í niðurstöðu dómarsins, Más Péturssonar, segir að í máli þessu birtist algengar fjölskyldu- og forræðisdeilur í sinni svörtustu mynd og pilturinn hafi orðið leiksoppur þeirra atvika.

Pilturinn sagði að föstudagskvöldið 12. maí hefði hann ætlað að á AA-fund í Kaplahrauni. Hann sá hins vegar fyrirverandi sambýlismann móður sinnar [...] fara inn á fundinn og ákvað að fara ekki sjálfur. [...]

Þegar Sigurgeir heitinn kom út af fundinum og steig á reiðhjól ákvað pilturinn að veita honum eftirför. Hann kvaðst hafa ætlað að aka fram úr honum, skrúfa um leið niður rúðu og hrópa að honum að sækja ekki sömu fundi og hann væri sjálfur að sækja og láta fjölskyldu sína í friði. Hann hafi litid niður til að sjá rafmagnsrofa til að færa rúðuna niður, en fundið þá að högg kom á bifreiðina. Atburði mundi hann svo ekki nánar fyrir en bifreiðin var stöðvuð.

Talsvert magn af rækju á afmörkuðum svæðum í Djúpinu?

Rækjurannsóknnum Hafnarannsóknastofnunar í Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum lauk í síðustu viku. Lítið fæst upp úr rannsóknarmönnum um aflabrogð en orðrómur er uppi um að rækjustofninn sé á uppleið og möguleiki að rækjuveiðar verði leyfðar á ný, en þær hafa ekki verið leyfðar í

Djúpinu síðan 2004 er stofninn var kominn að fótum fram. Samkvæmt heimildum blaðsins fékk rannsóknaskipið Dröfn talsvert af rækju á afmörkuðum svæðum í Djúpinu. Dröfnin er nú í Arnarfirði við rannsóknir á rækju. Niðurstöðu rannsóknanna í Djúpinu er að vænta í næstu viku.

Heimildarmaður blaðsins sagði að það yrði eigendum rækjukvótans ekki mikið gleðiefni, verði veiðar leyfðar á ný. Verði gefinn út rækjukvóti falla rækjubætur niður sem eigendur kvótans fengu þegar veiðar voru bannaðar. Bæturnar eru kvóti í öðrum tegundum sem útgerðir hafa

getað veitt eða leigt frá sér. Þykja þær mun fýsilegri en rækjukvóti eins og ástandið er í rækjuíðnaðinum í dag. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur rækjukvóti í Ísafjarðardjúpi verið seldur um allt land og þá hafa kaupendur verið að ásælast rækjubæturnar, ekki rækjukvótann.

Vegarsslóði gerður að göngustíg

Ákveðið hefur verið að vegarsslóði sem gerður var við framkvæmdir við Tungudalsvirkjun verður nýttur sem göngustígur. Umræddur vegur liggur frá stöðvarhúsi virkjunarinnar að skíðasvæði Ísafirðinga. „Um er að ræða slóða sem gerður var þegar pípan var sett niður. Orkubúíð ætlar sér að setja hlið á göngustíginn til að sporna gegn því að ekið sé þar um“, segir Kristján Haraldsson, Orkubústjóri.

Samkvæmt heimildum blaðsins er stígurinn nýttur sem akvegur en að sögn Kristjáns er það þá gert í óleyfi. „Orkubúíð leyfir ekki umferð þarna. Við ætlum að sá fræi og bera áburð á stíginn næstu tvö árin til þess að hann sé þokkalega gangfær og því er ekki ráðlegt að verið sé að aka hann.“

Samkvæmt upplýsingum sem fengust hjá Ísafjarðarbæ bástust athugasemdir við það þegar OV ætlaði að setja upp hlið til að sporna gegn akstri um slóðann og var málinu frestað þar til en bærinn væri búinn að afgreiða athugasemdir. Ísafjarðarbær tók þá ákvörðun að loka þessum kafla. Náttúruvinnendur ættu því að geta nýtt sér þessa viðbót við göngustíga sveitarfélagsins.



Vegurinn liggur frá stöðvarhúsi OV í Tungudal að skíðasvæði Ísafirðinga.

Taflfélag Bolungarvíkur efst í tveimur deildum

Taflfélag Bolungarvíkur er efst í 2. og 4. deild að loknum fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga sem haldið var í Rímskóla í Reykjavík um helgina. A-sveit félagsins sigraði b-lið Taflfélags Reykjavíkur í fjórðu umferð, 4,5-1,5 en TR-b er

aðal keppinautur Bolvíkinga um fyrsta sætið og var þessi stórsigur því afar mikilvægur. Sigurinn tryggði Bolvíkingum um leið sjö vinninga forystu á næstu lið. Sveitin tefldi mjög vel í öllum umferðunum og hlaut 20 vinninga af 24

mögulegum.

Að því fram kemur á vikari.is er fátítt að ein sveit hafi slíka yfirburði. B-lið Taflfélags Bolungarvíkur gerði 3-3 jafntefli við Víkingasveitina í fjórðu umferð. Bolvíkingar leiða því enn 4. deildina og

hafa eins vinnings forskot. Keppnin um tvö efstu sætin, og þátttökurétt í 3. deild að ári, er mjög hörð og ljóst er að úrslit munu ekki ráðast fyrir en í lokaumferðunum. Seinni hluti mótsins fer fram 28. febrúar-1. mars. – *thelma@bb.is*

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólögúta 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is* og Gunnar Atli Gunnarsson, sími 847 0009, *gunnaratli@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu** *bb.is:* Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*
Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Kjarnafjölskyldum fjölgar í Ísafjarðarbæ

Kjarnafjölskyldum fjölgar lítillega í Ísafjarðarbæ, eða um 0,02% frá 2002 til 2006. Árið 2002 voru 991 kjarnafjölskylda skráð í Ísafjarðarbæ en voru 1009 í fyrra samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Frá árinu 1999 teljast til kjarnafjölskyldu hjón og fólk í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 17 ára og yngri, einhleypir karlar og konur, sem búa með börnum 17 ára og yngri. Börn 18 ára og eldri, sem búa með foreldrum sínum, teljast ekki til kjarnafjölskyldu og sama gildir um einhleypa sem búa með börnum sínum 18 ára og eldri. Í Bolungarvík fækkar þeim úr 248 árið 2002 niður í 231 í fyrra. Í Súðavík fjölgar um eina kjarnafjölskyldu á þessu tímabili, úr 54 í 55.




Snjóflóðahætta á stóru svæði í Tungudal

Veðurstofa Íslands hefur unnið hættumat vegna ofanflóða fyrir svæði umhverfis þéttbýlið á Ísafirði. Svæðin sem um ræðir eru Seljalandshverfi og Tunguskeið, eftir byggingu varnarmannvirkja á Seljalandsmúla, og hættumat fyrir Tungudal, Dagverðardal og Innri-Kirkjubólshlíð. Samkvæmt hættumatinu er snjóflóðahætta á stóru svæði í Tungudal, einkum í og við farveg stóra flóðsins úr Seljalandshlíð 1994 og í Seljalandshverfi. Sumarbústaðahverfið í Tungudal er allt á hættusvæði C og nokkur hús í Seljalandshverfi eru á hættusvæðum B og A. Hættan er þó mjög mismikil. Líkanreikningar benda til að hætta sé tiltölulega lítil á allstórum svæðum utan og innan við tungu snjóflóðsins 1994 þar sem snjóflóð eru ólíkleg til þess að ná fram af brún Seljalandsdals. Skíðaskáli á Harðarskáflöt á Seljalandsdal er talinn utan hættusvæða.

Í hættumatinu segir að Seljalandshverfi hafi verið varið með varnargarði og keilum sem draga mikið úr snjóflóðahættu í byggðinni þar

fyrir neðan. Mesta breyting á legu hættumatslína undir garðinum er innst í tungunni niður yfir Seljalandshverfi og svæðið þar neðan við í eldra hættumati, nærri Bræðratungu. Þar benda tvívíðu líkanreikningar til þess að eldra hættumat frá 2002 geri ráð fyrir fullmikilli útbreiðslu flóða til vesturs, eins og fyrr var nefnt. Breyting í legu hættumatslína á þessu svæði stafar bæði af því að líkanreikningar gefa nú til kynna að snjóflóðahætta sé minni á þessum stað en skv. eldra hættumati og einnig af áhrifum varnargarðsins.

Hætta í innanverðum Tungudal og í Dagverðardal er miklu minni en á svæðum þar sem hættu gætir frá stóru upptakasvæðum í Seljalandshlíð. Snjósöfnun í hugsanleg upptakasvæði þar er fremur lítil og hættumatslínur liggja því mun nær hlíðinni en undir Seljalandshlíð. Á slíkum svæðum er hættumat erfitt og óvissa mikil. Ekki er byggð á hættusvæðunum, sem afmörkuð hafa verið á þessum hluta hættumetna svæðisins, að frátöldum skíðaskálanum í Tungudal sem er talinn á hættu-



Hættumatslínur í Skutulsfirði. Afmörkuð eru þrjú hættusvæði, A, B og C. Ofan rauðu línunnar er hættusvæði C, en þar eru engar nýbyggingar leyfðar, nema viðvera sé mjög lítil. Á hættusvæðum A og B eru nýbyggingar háðar ýmsum skilyrðum.

svæði A. Þrátt fyrir að ekki sé mikil byggð á hættumetna svæðinu

undir Innri-Kirkjubólshlíð er þar starfsemi sem er mikilvæg fyrir Ísafjarðarbæ og nágretta-

sveitarfélög. Byggingar á Ísafjarðarflugvelli eru á hættusvæði C og þarf þar að huga sérstaklega að viðbrögðum vegna þess að búast má við miklum mannsöfnuði þar.

Mæla með Sveinfríði

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar mælir með Sveinfríði Olgu Veturliðadóttur í starf skólastjóra við Grunnskólann á Ísafirði. Tvær umsóknir bárust um stöðuna, frá Jónu Benediktsdóttur og Sveinfríði Olgu Veturliðadóttur sem báðar eru búsettar á Ísafirði. Jóna er fyrrum aðstoðarskólastjóri GÍ og Sveinfríður Olga var deildarstjóri og aðstoðarskólastjóri í Borgarskóla í Grafarvogi áður en hún hóf störf sem kennari við Grunnskólann á Ísafirði í haust.

Fræðslunefnd taldi báða umsækjendurna vera mjög hæfa. Bæjarstjórn mun taka endanlega ákvörðun um hver hreppir starfið. Eins og greint hefur frá hefur Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri grunnskólans á Ísafirði, ákveðið að flytja búferlum til Álftaness. Hann þótti hæfastur af yfir 20 umsækjendum um stöðu forstöðumanns velferðar- og skólaþjónustu á Álftanesi.

„Alþjóðlegt háskólasamfélag opnar Vestfirðingum heiminn“

Háskólasetur Vestfjarða kynnti í síðustu viku framtíðarsýn sína sem starfsmenn setursins hafa unnið að undanfarið. Þar kemur fram að stefnt er að því að bjóða upp á fimm námsleiðir þ.e. nám á meistarastigi, sérhæfðar námsleiðir kenndar á ensku, nám í þriggja vikna lotum, nám í samstarfi við aðra háskóla og háskóla Hafsins.

„Á hverri námsleið stunda 15-20 námsmenn nám. Fimm námsleiðir á árinu 2011 væru 80-100 heilsársnemmar á framhaldsstigi. Við þetta bætast nemendur í sumarnámskeiðum.“ Kennsla í frumgreinanámi hefst við Háskólasetur Vestfjarða í janúar á næsta ári. Frumgreinanám er einkum ætlað Vestfirðingum sem ekki hafa stúdentspróf en vilja komast í háskólanám.

Háskólasetur Vestfjarða hyggst einbeita sér að mállefnum hafsins og strandsvæða almennt. Kennsla tengd haf-rannsóknnum, loftlagsmæling-

um, hafstraumarannsóknnum og umhverfisrannsóknnum á sviði hafs og strandsvæða verða meðal sviða sem Háskólasetur sérhæfir sig í. Allt staðbundið nám við Háskólasetur Vestfjarða verður í 3ja vikna lotum. Það gefur mikla möguleika á að nemendur geti tekið þátt í stökum námsleiðum sem sérstaklega vekja áhuga þeirra. Þetta getur hent að vel til dæmis fyrir skiptinám eða endurmenntun.

„Með öflugri uppbyggingu háskólasamfélags á Vestfirðum gefst einstakt tækifæri til að auka lífsgæði í vestfirsku samfélagi til framtíðar. Háskólasamfélag þýðir aukin lífsgæði til handa einstaklingunum sem fá þar aukna þekkingu, háskólasamfélag þýðir einnig aukna þekkingu innan fyrirtækja sem eykur arðsemi þeirra og opnar þeim fleiri tækifæri. Beinartengingar við háskóla um allan heim, koma nemenda og þátttaka þeirra í samfélagi okkar, menningu og



Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða á kynningarfundinum.

atvinnulífi opnar fjölmargar

félag opnar Vestfirðingum heiminn“, segir í framtíðarsýn


Háskólaseturs Vestfjarða. — gunnaratli@bb.is

Samdráttur í bílasölu á Ísafirði

Samdráttur hefur orðið á sölu bifreiða á Ísafirði í ár miðað við sama tíma í fyrra. Bergmann Ólafsson, hjá bílasöluhlutabílagang, segir að um 15% samdráttur hafi orðið á sölu nýrra bíla það sem af er ári. „Það er minni hreyfing á þessum tíma árs. Núna er útsölur í fullum gangi í Reykjavík og maður finnur að salan minnkar á þessum tíma árs. Við bjóðum upp á sama verð en erum hins vegar með minna úrval þannig að fólk er mikið að fara suður til að fjárfesta í nýjum bílum.“ Sömu sögu er að segja um notaða bíla, en Bergmann segir að um 10-12% samdrátt sé að ræða í sölu á notuðum bílum.

Styrkja endurbætur að Fjarðargötu 5

Veittur verður styrkur að upphæð 220.000 krónur vegna endurbóta á húseigninni Fjarðargötu 5, Þingeyri, þar sem beiðnin fellur að reglum við auglýsingu og sölu/afhendingu gamalla húsa í eigu Ísafjarðarbæjar. Þetta var samþykkt á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar eftir tillögu Halldór Halldórssonar bæjarstjóra. Bæjarráð fól bæjarstjóra á 545. fundi sínum að kanna hvort beiðni félli að ofangreindum reglum.



Sér veðurkort fyrir Djúpið

Veðurstofa Íslands hefur útbúið sér veðurkort fyrir Ísafjarðardjúp sem hægt er að nálgast á vef Veðurstofunnar. „Þar sem veðurstöðvar eru mjög þéttar í Djúpinu er erfitt að koma veðurupplýsingum vel til skila á vefnum. Þetta eru vita-skuld mjög mikilvægar stöðvar og við ákváðum því að útbúa sérkort sem myndi nýtast heimamönnum sem eiga ferð um Djúpið“, segir Helgi Borg, verkefnastjóri hjá Veðurstofunni.


Um er að ræða staðarspákort, sem eru sjálfvirkar veðurspár fyrir ákveðna staði, og athugunarkort sem búa til með samtímaathugunum til að gefa sem gleggsta mynd af veðrinu á hverjum tíma. Er þetta fyrsta sérkortid sem gert er fyrir utan höfuðborgarsvæðið en að sögn Helga eru fleiri í vændum. „Við ætlum að búa til fleiri kort af þessu tagi í framtíðinni og við vonum að heimamenn geti nýtt sér þessa þjónustu.“

Landvernd mælir með jarðgöngum við vegagerð á Vestfjörðum

Landvernd mælir með því að við vegagerð á Vestfjörðum verði í ríkari mæli horft til jarðganga sem valkosta. Með jarðgöngum á milli fjarðarborna mætti víða stytta vegalengdir og bæta umferðaröryggi á sama tíma og komið yrði í veg fyrir óþarft umhverfisrask. Þetta segir í ályktun frá aðalfundi Landverndar.

Í Krífunni, riti Landverndar sem kom út um síðustu helgi eru birtar hugmyndir að hugsanlegri veggangavæðingu á Vestfjörðum til skoðunar og umræðu. Er þau flokkuð í forgangsveggöng, veggöng sem huga beri að síðar, veggöng og vegaframkvæmdir sem komnar eru á framkvæmdastig og veggöng sem huga hefði mátt betur að áður en ákvarðanir um göng eða vegi voru teknar. Frá þessu var sagt í fréttum ruv.is.

– thelma@bb.is



Frá Vestfjarðagöngunum.

Grimm framtíðarsaga

Rithöfundurinn Eyvindur P. Eiríksson hefur gefið út nýja skáldsögu sem ber heitið Glass. Um er að ræða grimma framtíðarsögu um ofboðskennt tæknisamfélag sem er farið úr böndunum. „Varasamir þættir okkar ofboðskennda nútímasamfélags hafa í sögunni þróast óheppilega og samfélagsgerðin er farin úr böndunum með slæmum afleiðingum. M.a. er „The

Language“ endanlega orðið opinbert mál fyrirtækja og stjórnsýslu á Íslandi og íslenskan lítið annað en skrytinn mállýska, sem tvítýngdur almenningur notar þó daglegu tali en mjög útlenskuskotna, reyndar algennt í dag“, segir í umsögn um söguna. Að sögn Eyvindar þorði enginn hinna stóru útgefanda að gefa þessa bók út þar sem hún þótti of mikil ádeila.

Glass sem er hans sjöunda skáldsaga og að hans eigin sögn sú grimma. Hún er skrifuð í Arnardal, Kaupmannahöfn, La Minerve, og Reykjavík með hléum á árunum 1990 til 2007. Þess má geta að sagan gerist að hluta til í Arnardal.

Eyvindur P. Eiríksson er fæddur 19935 ættaður af Hornströndum og hefur unnið flest til sjós og lands. Lengst

af stundaði hann kennslu við háskóla bæði hérlendis og erlendis. Eftir 1987 hefur hann aðallega stundað ritstörf og sent frá sér meira en 30 skáldverk. Þá hefur hann unnið með myndlistarmönnum hér heima, í Québec og á Ítalíu. Hann hefur m.a. fengið Laxnessverðlaunin og tilnefningu til íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Eyvindur gefur út bókina



sjálfur en þess má til gamans geta að kápuna hannaði Erpur Þ. Eyvindarson sem þekktur er sem rappari, en færri vita að hann er lærður margmiðunarmaður. – thelma@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Sprakk á heita vatninu

Hann er víðar hitinn frá orkuvirkisgjafunum en í heitavatnspípunum. Svo heitt var að borgarstjórn Reykjavíkur hélt hitaþrungna fundi um dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur. Í ljós kom að stóðir pólitíska meirihlutans í höfuðborginni voru ótraustar og þöldu ekki hitann. Vilhjálmur fyrrum borgarstjóri hefur fengið á sig hvern skellinn öðrum þyngri í síðustu viku og er nú landlaus.

Spurning vaknar um meðferð almannaþjálfa og spillingu stjórnvaldanna eða grun þar um. Oft hefur verið haldið fram hér að fjölmiðlar fjalli um pólitík en gleymi að lang stærsti hópur stjórnvaldanna á Íslandi er ekki á Alþingi heldur í sveitarstjórnunum og fer þar höndum um almannaþjálfa og tekur ákvarðanir sem snerta marga með mun beinni hætti en þær sem alþingismenn taka. Sveitarstjórnarmenn eru í frekari hættu en alþingismenn að verða spillingu að bráð. Hagsmunir eru oftast ógnarsmáir, greiðasemi við nággranna og vini, að ráða börn í sumarstarf eða eiginkonur í ræstingu í skólanum. Oft hangir meira á spýttunni, sem látið er viðgangast í fámenni og sést ekki í fjölmennari sveitarfélögum, nema kjörnir fulltrúar hafi kjark til að vekja á því athygli. Slíkt dæmi er uppi í Kópavogi nú og snertir einnig mun á launum kynjanna.

Hvaða rétt hafa fulltrúar almenningsfyrirtækja til að selja athafnamönnum,

þótt allra góðra gjalda séu verðir, hluti í fyrirtækjum almennings fyrir hálfan milljarð svo dæmi sé tekið? Spurningin beinist að kjörnum fulltrúum en ekki athafnamanninum.

Þarf nokkurn að undra þótt almenningi hitni í hamsi við tíðindi af samruna Reykjavík Energy Invest og Geysir Green Energy, sem mun færa fjárfestum tífdalann hagnað. Maðurinn sem augu þjóðarinnar hljóta fyrir eða síðar að beinast að er forstjóri REI, Guðmundur Þóroddsson, er áður stýrði Orkuveitunni. Hann virðist telja sig yfir kjörna fulltrúa hafinn. Treglega gekk að fá hann til að upplýsa um 4 milljarða umfram kostnað við byggingu húss Orkuveitunnar. Þingmenn berjast fyrir fé til jarðgangagerðar víða um land þar sem byggð stendur höllum fæti. Fé til skóla er af skornum skammti og heilbrigðisstofnanir stynja þungan. Líklegur hagnaður athafnamannsins nemur meira en það kostar að klára Óshlíðargöngin milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Sá kostnaður liggur ekki fyrir enn.

Spillingin, hverjum sem um er að kenna, varð Sjálfstæðisflokknum að falli í borgarstjórn. Jarðgöngin bíða ákvörðunar um allt land og sá sem ekki virðist hafa hreint mjöl í pokahorninu er enn á sínum stað í borgarstjórninni. Þeir sem sjá fólkið sitt fara af landsbyggðinni skilja ekki milljarðapólitíkina. Halli landsbyggðarinnar eykst á meðan.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Gert ráð fyrir mikilli fjölgun nemenda

Gert er ráð fyrir að nemendum við Háskólasetur Vestfjarða fjölgi í 545 árið 2011 og að þeir verða 410 á næsta ári. Miðað við áætlaðan fjölda nemenda þarf starfsemi Háskólaseturs mun stærra húsnæði. Þörf er á 10-12 kennslustofum, stórum fyrirlestrarsal, skrifstofuaðstöðu fyrir 40 manns, aðstöðu fyrir hópavinnu, lesaðstöðu, og aðstöðu fyrir doktorsnema. Þá er ónefnd mótuneytisaðstaða, móttökuaðstaða og fleira. Þetta er meðal þess sem fram kom á fundi þar sem framtíðarsýn Háskólasetursins var kynnt.



Bubbi heimsótti Menntaskólann

Bubbi Morthens kom til Ísafjarðar í síðustu viku í þeirri von að finna næstu söngstjörnu Íslands í „Bandið hans Bubba“ sem hefur göngu sína á Stöð 2 í vor. Bubbi byrjaði heimsókn sína vestur á því að fara í Menntaskólann á Ísafirði þar sem hann kom ungrri stúlku, sem jafnframt er nemandi við skólann, á óvart með því að mæta í miðjan tíma hjá henni og söng svo Stál og hnifur með henni.



Hafist hefur verið handa við að undirbúa jarðgangagerð frá Hnífsdal til Bolungarvíkur.

Undirbúningur fyrir jarðgangagerð hafinn í Hnífsdal

Vegaframkvæmdir eru hafnar í Hnífsdal vegna undirbúnings jarðgangagerðar til Bolungarvíkur. Að sögn Gísla Eiríkssonar, umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Ísafirði,

eru framkvæmdirnar ætlaðar til þess að auðvelda aðkomuna þegar jarðgangagerðin hefst í vetur eða vor. Verið er að vinna að útboðslýsingu og gert er ráð fyrir að útboð fari

fram á næstu vikum. Um er að ræða langþráð jarðgöng milli Hnífsdals og Bolungarvíkur, ásamt byggingu forskála og vega. Göngin eiga að vera 8,7 metra breidd og 5,1 kílómetri að lengd. Einnig á að byggja um 310 metra langa steinsteypta vegskála, og 3 kílómetra langa vegi og tvær 15 metra langar steinsteyptar brýr.

Með þingsályktun árið 1999 var samþykkt að vinna skyldi langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi þar sem sér-

staklega yrði horft til framkvæmda sem rjúfa vetrareinangrun, koma í stað annarrar kostnaðarsamrar vegagerðar, stytta vegalengdir og stækka atvinnusvæði. Það var þó ekki fyrir en í byrjun árs er ný samgönguáætlun var kynnt að farið yrði í gerð jarðganga frá Bolungarvík sem koma út á Skarfaskeri við Hnífsdal. Samkvæmt samgönguáætluninni er gert ráð fyrir að Bolungarvíkurgöngum verði lokað árið 2010.

– *thelma@bb.is*



Þökkum auðsýnda samúð við fráfall og útför eiginmanns míns og fíður

Óskars Rúnars Samúelssonar

Dagný Viggósdóttir og börn.

Elsta húsið á Flateyri fært

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að pakkhúsið á Flateyri verði fært af athafnarsvæði á Flateyrarodda yfir á lóð Hafnarstrætis 2 á Flateyri. Svarta pakkhúsið, eins og það er oft nefnt, er líklega elsta húsið á Flateyri, en það ku vera byggt um miðja 19. öld. Upphaflega tilheyrði húsið verslun Hjálmars Jónssonar og Torfa Halldórssonar. „Brynt er að húsið verði flutt því það er á miðju athafnarsvæði á Flateyrarodda. Þarna

væri e.t.v. hægt að koma upp sögusýningu frá tíma Torfa og Hjálmars (hákarlaútgerðin og verslun) eða harðfisksölu og upplýsingum um sögu afurðarinnar, verkun o.fl.“, segir Jóhann Bæring Gunnarsson, verkefnastjóri tæknideildar Ísafjarðarbæjar.

Í nýju aðalskipulagi hefur húsinu verið afmarkaður staður neðarlega við Hafnarstræti en þar gæti það orðið hluti af umhverfi sem hugmynd er um að þróa í samræmi við menn-

ingartengda ferðapjónustu. Við Hafnarstrætið má finna gömlu bókabúð þorpsins, en þar er nú safn. Einnig er alþjóðlegt brúðusafn til húsa við Hafnarstrætið, nánar tiltekið í Félagsbæ. Vonast er til að pakkhúsið og umhverfi þess geti nýst sem safnhús og staður þar sem menningartengd starfsemi fer fram að sumarlagi.

Pakkhúsið var notað fram á síðari hluta 20. aldar. Tillögur um samvinnu við Ísafjarðarbæ

og Minjasjóðs Önundarfjarðar um flutning hússins voru sendar til bæjarstjórnar í febrúar um málinu vísað til Bygðasafns Vestfjarða. Í stjórn Bygðasafns var málið á dagskrá 27. mars og er þar bókað að tekið væri undir hugmyndir um að flytja húsið, finna því nýjan stað við Hafnarstræti gegnt húsi nr. 1 og pakkhúsinu fundið hlutverk í tengslum við menningartengda ferðapjónustu. Húsið er um 45 fermetrar.

– *thelma@bb.is*

Stefnumót DV við almenning

DV ætlar að eiga stefnumót við Vestfirðinga á morgun þar sem ritstjórar blaðsins, Reynir Traustason og Sigurjón Magnús Egilsson, ræða um stefnu blaðsins í nútíð og framtíð og hlýða á sjónarmið fólks. Hér er um að ræða fyrsta fundinn af fimm í hringferð DV um landið. DV mun skemmta Vestfirðingum með tónlist, spurningarkeppni og skemmtilegu spjalli. Forseti bæjarstjórnar og bæjarstjóri Bolungarvíkur takast á við forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar í spurningarkeppni þar sem sigurvegarinn velur sér baráttu gegn fíkniefnum sem verðlaunaféð, 100.000 krónur,

rennur til.

Við lok hringferðarinnar verður valið eitt sigurlið sem fær að auki milljón krónur til að berjast gegn fíkniefnavandanum. Elín Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Birtings og DV, verður dómari í keppninni og afhendir verðlaunafé.

Tónlistarmaðurinn Einar Ágúst mun koma fram og væntanlega Grjóthrunið úr Bolungarvík. Lýður Árnason, kvikmyndaleikstjóri, tónlistarmaður og læknir, hefur tekið að sér að vera atburðarstjóri á fundum DV um allt land. Fundurinn verður á Kaffi Edinborg á Ísafirði og stendur yfir frá kl. 20-22.



ÍSAFJARÐARBÆR

MANNAUÐSSTJÓRI

Ísafjarðarbær óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling til að takast á við nýtt starf mannauðsstjóra hjá bæjarfélaginu.

Starfssvið:

Þróun mannauðsstefnu og almenn framkvæmd hennar.

Starfsþróun, þ.m.t. mat á frammi-stöðu.

Starfslýsingar og skipurit.

Fræðslu- og símenntunarmál starfsmanna.

Starfsráðningar og móttaka nýliða.

Önnur verkefni sem tengjast mannauðsmálum.

Hæfniskröfur:

Háskólamenntun sem nýtist í starfinu. Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála æskileg.

Starfsreynsla á sviði stjórnunar- og mannauðsmála æskileg.

Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Frumkvæði og leiðtogahæfni.

Umsóknir sendist til Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. **Umsóknarfrestur er til 1. nóvember nk.**

Upplýsingar um starfið gefur Þorleifur Pálsson, bæjarritari í síma 450 8000 og á netfangi: thorleifur@isafjordur.is

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

„Þegar ég kom á spítalann lagðist hann inn en ég var handtekinn fyrir að taka bíl í leyfisleysi. Ég var strax tekinn í herstöðina og yfirheyrður og fékk tíu daga refsingu.“

Grunaði aldrei að ég endaði sem rollubóndi í S

**Rúm tíu ár eru liðin síðan Yordan Yordanov fluttist frá Búlgaríu til Íslands, og eiginkona hans hefur verið hér ári skemur. Allan tímann hafa þau verið búsett á Vestfjörðum, fyrst á Ísafirði og svo í Súðavík. Í fyrstu átti Íslandsdvölin að standa yfir í stuttan tíma, en eitthvað hefur teigst á henni og ekkert fararsnið á þeim hjónum. Yordan er aktífur maður og lætur sitt ekki eftir liggja í litlu samfélagi eins og því sem er í Súðavík. Hann hefur stofnað þar fyrirtæki og er orðinn bóndi. Blaðamaður leit til þeirra hjóna með upp-
tökutækið og fékk kaffi og með því**

„Ég kom 20. apríl 1996 til Íslands. Af hverju Ísland? Ísland var fyrsta landið þar sem ég fékk atvinnu- og dvalarleyfi. Ég var búinn að reyna annars staðar en það gekk ekki. Emil, búlgarskur vinur minn, var að vinna í Bakka í Hnífsdal og hann reddaði mér vinnu þar. Þegar ég kom til landsins kom Emil suður til að taka á móti mér og við vorum í Reykjavík í einn dag í fínu veðri. En þegar við lendum á Ísafirði var snjór á götum og ég vissi ekki alveg hvað ég var kominn út í. Við keyrðum út á Eyri og hann segir mér að hérna sé Ljónið, þarna Neta-gerðin, íþróttahúsið, sjúkrahúsið og svo framvegis. Ég spyrr hann hvort þetta sé allt. „Hvað þarftu meira“, sagði hann við mig. Daginn eftir byrja ég að vinna í Bakka í vaktavinnu. Um miðjan júní lenti ég í slysi sem reyndist aðdrifaríkt.“

13 mánuði frá vinnu

„Þannig var að það keyrði lyftari yfir löppina á mér. Ég fótbrotnaði mjög illa og var strax sendur suður með sjúkrahúsi og fór strax undir hníf-inn. Þetta var ellefu tíma aðgerð og sú fyrsta af mörgum aðgerðum. Í ágúst kem ég aftur til Ísafjarðar og þegar ég kom aftur sagði fólk að sjúkrahúsinu að það væri alveg ljóst að ég væri kominn til að vera. Svona maður fær ekki neitt, ég væri fótalaus og kæmist ekki neitt og þyrfti að læra íslensku. Fram að því

var töluð við mig enska en eftir þetta töluðu lækningar og hjúkrunarfólk við mig íslensku eins og hægt var en ég svaraði á ensku svo eitthvað skildist og ég fór að horfa á sjónvarp og lesa blöð. Ég lá ekki nema nokkra daga á sjúkrahúsinu áður en ég var sendur heim í Mánagötuna en þá tók við endurhæfing. Fóturinn á mér var brotinn í sjö mánuði og sárið stórt og mikið og það mátti ekki að gifsa hann. Égg var ekki með fullan tryggingarétt þar sem ég hafði verið hér í stuttan tíma.

–Varstu alveg réttlaus?

„Tryggingarnar hjálpuðu eitthvað. Ég man að ég fékk 11 þúsund krónur á viku þannig að ég var ekki réttindalaus en þetta voru ekki full réttindi. Svo hjálpaði Emil mér mikið en við bjuggum saman í Mánagötunni. Hann var í sumarfrí þegar þetta gerðist en kom fljótlega aftur. Ég reyndi að gera eitthvað þegar hann var í vinnunni, elda og taka til og þess háttar. En hann hjálpaði mér mikið og þegar svona gerist þá kemur í ljós hverjir eru vinir manns. Krissi og Snorri í Bakka gleymdu mér ekki og kíktu á mig og litu til með mér. Ég var síðar metinn 25 prósent öryrki og tjónið metið á tíu milljónir króna þó ég hafi ekki fengið allt. Þrettán mánuðum eftir slysið fór ég haltur út í Bakka og byrjaði að vinna aftur. Þetta ár var mjög erfitt fyrir mig. Sem dæmi má nefna að þegar ég kom til landsins var ég 128 kíló og þegar ég byrjaði að

vinna aftur eftir slysið var ég áttatíu kíló. Þyngdartapið var ekki vegna matarskorts heldur vegna álags, bæði líkamlegs og andlegs.“

Sá soninn eftir tvö ár

„Konan mín var komin fimm mánuði á leið þegar ég fór til Íslands og strákurinn fæddist mánuði eftir slysið þannig að þetta var allt mjög erfitt. Hún kemur svo í nóvember 1997, þegar íslenska veðrið er hvað best! Ég sagðist ætla að fara og taka á móti henni en það var að sjálfsgöngu ófært með flugi. En kunningi okkar í Reykjavík tók á móti henni en ég komst suður fyrir rest. Hún fékk vinnu í Hraðfystihúsinu Hnífsdal og ég var áfram í Bakka. Árið 1998 fer ég til Búlgaríu í fyrsta skipti síðan ég fluttist til Íslands og sá strákinn minn í fyrsta sinn, en hann hafði verið í Búlgaríu. Við vorum bara með eitt herbergi og enga aðstöðu til að vera með barn. Það var líka óvíst hvað yrði með Bakka og erfiðleikar í fyrirtækinu. Bakki lokaði svo í mars 1998 og Krissi kom til okkar og bað okkur að koma til Súðavíkur og vinna í rækjunni hér. Við fluttumst til Súðavíkur 1. apríl og ég segi að við séum hér upp á grín, samanber dagsetninguna. En við erum hér enn eftir nfu ár og miklar breytingar. Við vorum í rækjunni þangað til verksmiðjunni var lokað og fór að vinna hjá Gísla Hermannssyni og var þar í tvö ár, eða allt þangað til í sumar að ég hætti þar. Það er

næga vinnu að hafa vilji maður vinna og sé maður tilbúinn til að leita. Þegar ég hætti hjá Gísla vissi ég ekki hvað ég ætlaði að gera en ég var strax kominn með vinnu hjá Vestfirskum verkökum.“

BMW og Benz teknir við af Moskvitsum og Lödum

„Ástæðan fyrir því að við komum til Íslands var að vinna, safna pening og fara aftur til Búlgaríu. Slysið breytti þessu öllu, frestaði öllu um eitt ár. Þá var ég farinn að kynna fólkinn á Íslandi, bæði á sjúkrahúsinu, vinnuveitendum og starfsfélögum. Þá fór maður að hugsa að kannski væri ekki svo slæmt að vera hér. Veðrið er kannski leiðinlegt og engin tré en Ísland er samt fínt land til að búa í.“

–Bjugguð þið í stórra borg í Búlgaríu?

„Kannski miðað við Ísland en við bjuggum í borg í norðaustur hluta landsins sem er svipað stór og Reykjavík. Við kynntumst árið 1994. Það var daginn sem Búlgaríu sigraði Þýskaland í HM í fótbolta að ég bauð henni út í kaffi. Ári seinna giftum við okkur. Einnhvernvegin enduðum við svo í Súðavík og erum búin að kaupa okkur hús.“

–Og ekkert á leiðinni í burtu?

„Nei, ekki get ég séð það. Það er náttúrulega mikil óvissa í atvinnumálum á Vestfjörðum svo maður veit ekki hvað gerist í framtíðinni. En við flytjum aldrei til Reykjavíkur. Við erum með tvö börn og við eigum enga ættingja fyrir sunnan til að hjálpa okkur með þau og annað okkar þyrfti að vera heima ætluðum við að búa í Reykjavík. Konan fór út í þrjú mánuði í sumar til að rannsaka hvernig ástandið væri úti og líka til að krakarnir læri eitthvað í móðurmálinu sínu. En við vorum ekki alveg nógu ánægð með ástandið og sérstaklega hún, því ég var bara stutt úti og

gerði ekkert nema að sleikja sólina og borða á veitingastöðum. Verðlag hefur hækkað mikið eftir að Búlgaríu gekk í Evrópusambandið og allskonar reglur komnar sem ekki voru áður. Þekktur búlgarskur fótboltamaður, Hristov Stoichkov, sagði að landið væri þarna en ríkið vantaði. Ég er alveg sammála því. Maður gleymir aldrei frá hvaða þjóð maður kemur frá. Margir segja við okkur að við séum orðnir Íslendingar, komin með ríkisborgararétt en við verðum aldrei Íslendingar. En margt hefur breyst í Búlgaríu. Lada og Moskvits eru farnir og Benz og BMW komnir í staðinn og miklu fleiri en á Íslandi. Ég veit ekki hvaðan þessir peningar koma.“

–Íslendingar hafa verið að græða mikla peninga í Búlgaríu

„Jú, Björgólfur keypti búlgarska símann og seldi hann aftur með miklum hagnaði svo á hann mikið í Pharmaco sem er með mikla starfsemi í Búlgaríu.“

Þrjú ár í hernum

–Hvað voruð þið að gera áður en þig komuð hingað?

„Hún var að hafði klárað Tækniskóla í Búlgaríu og var að læra lögfræði. Ég segi að hún hafi elskað mig svo mikið að hún gaf lögfræðina til að koma til Íslands. En þetta átti náttúrulega bara að vera eitt ár í fyrstu. Ég kláraði tonlistarskóla eftir herskylduna. Var í hernum í tæp þrjú ár.“

–Var herskyldan heil þrjú ár?

„Það fer eftir deildum. Ég var gönguliði í flotanum og þar voru þetta tæp þrjú ár. Það var bæði gott og slæmt að vera í hernum. Maður lærir mikið en stundum hugsaði maður til hvers við værum þarna. Hver var tilgangurinn. Við vorum alltaf að búa okkur undir óvininn og maður hugsaði, hver er þessi óvinur. Stærsti óvinur okkar voru held ég við sjálf. Í kommúnistakerfinu var það þannig að allir sem ekki voru kommúnistar voru óvinir. Einnhvern veginn fannst

mér þetta vera hálfgerður leikur.“

Settur inn fyrir að bjarga mannlífi

–Hvað stöðu gegndir þú í hernum?

„Fyrst var ég bara óbreyttur, alveg á botninum. Eftir sex mánuði færir maður upp, standi maður sig vel. Á endanum var ég liðþjálfari með ellefu menn undir mér. Ég lenti í ýmsu í hernum. Sumt sem maður vill ekki tjá sig um. Til dæmis var það ákveðið árið 1989 að allir sem ekki höfðu búlgörska nöfn áttu að skipta um nöfn. Þeim sem ekki gerðu það var gert skylt að yfirgefa landið. Þeir sem voru með rúmönnsk nöfn voru fluttir til Rúmeníu og svo framvegis. Í kringum þetta urðu átök og herinn kallaður út. Þarna gerðust hlutir sem maður vill gleyma en getur ekki gleymt.“

Það er mér minnisstætt frá árunum í hernum þegar handsprengja sprakk framan í einn hermanning. Við vorum að æfa handsprengjukast og einn strákurinn var of forvitinn leit eitthvað upp þegar hún sprakk og fékk sprengjuflís í slagæð í hálsinum. Ég var næstur við hann og stakk putta í sárið og stoppaði blæðingarnar. Það var bíll rétt hjá en ég var ekki bílstjóri í hernum. Þar sem bíllinn var nær en bílstjórinn fór ég með strákinn í bíllinn og brunaði af stað á næsta sjúkrahús sem var í tuttugu kílómetra fjarlægð. Þegar ég kom á spítalann lagðist hann inn en ég var handtekinn fyrir að taka bíl í leyfisleysi. Ég var strax tekinn í herstöðina og yfirheyrður og fékk tíu daga refsingu. En ég átti inni 10 daga leyfi þannig að þetta var jafnað út og ég fékk hvorki að gista fangaklefa né sofa í mínu eigin rúmi heima.“

Lærður tambúruleikari

–Þú sagðir mér að þú hafir verið í tónlistarskóla?

„Ég lærði á tambúru sem er

„En Íslendingar voru ekki eins hrifnir af kanínukjöti eins og við vildum. Sumir hérna í þorpinu sögðu að þetta væri eins og að éta mink, sem er ekki rétt.”

Ég myndi í Súðavík

strengjahljóðfæri svipað og mandólín nema með lengri háls. Ég var eitthvað að reyna að láta strákinn spila, hann er með ágætis tóneyra en það gengur svona og svona.”

—Ertu með tambúru í Súðavík?

„Nei, því miður. Hljóðfærið brotnaði fyrir nokkrum árum og ég hef ekki komið mér til þess að laga það. Kannski ég kaupi gítar fyrir strákinn og við reynum að spila eitthvað saman. Síðasta skiptið sem ég spilaði í Búlgaríu var í sjónvarpinu.”

Félagar ehf. og búskapur

„Við Kristján Bjarni félagi minn stofnuðum fyrir nokkrum árum fyrirtæki sem heitir Félagar ehf. og sér um slátt fyrir sveitarfélögin hér í kring. Við sláum opin svæði á Þingeyri, Suðureyri og Súðavík. Þetta hefur gengið ágætlega en ekki án erfiðleika. Við þurfum að kaupa dýr tæki og taka lán fyrir þeim. Í sumar voru tólf strákar í vinnu hjá okkur en síðustu tvö ár höfum við ekki unnið við þetta. Elísabet kona Kristjáns hefur stjórnað fyrirtækinu. Við erum bara eigendur og þykjast vera stórir karlar.”

—Og þú ert orðinn bóndi?

„Það er rétt. Við Kristján erum saman með rollur. Það er nokkur saga á bak við það. Kristján var að vinna hjá Vegagerðinni og hann hafði verið að vinna einhvers staðar, annað hvort í Djúpinu eða Dýrafirði. Eitt kvöldið kemur hann til mín og segir að ég verði að koma eins og skotniður á Langeyri. Þá er hann kominn með þrjár kanínur. Ég spyr hann hvar hann hafi fengið þetta og hann sagði mér hann hefði fengið þær gefins. Tengdapabbi minn var með kanínubú í Búlgaríu, held hann hafi verið með sex hundruð kanínur. Ég sagði við Stjána að við ættum að koma okkur upp kanínubú og selja kjöt og skinn. Við fengum minkabúr úr Engidalnum og komum þeim fyrir í hesthús-

unum í Súðavík. Við byrjuðum með sex kanínur, þrjár karla og þrjár kerlingar. Það var ekki líðið nema hálf ár þá voru þær orðnar 140 talsins. Kanínur fjölga sér nefnilega eins og kanínur! En Íslendingar voru ekki eins hrifnir af kanínukjöti eins og við vildum. Sumir hérna í þorpinu sögðu að þetta væri eins og að éta mink, sem er ekki rétt. Ég gaf einum sem þetta sagði kanínukjöt án þess að hann vissi og hann fattaði það ekki fyrir en ég sagði honum það. Kanínukjöt er borðað um alla Evrópu. Alls staðar nema á Íslandi held ég.”

Hef ekki tölu á dráttarvélunum

—Það gekk sem sagt ekki að koma kanínukjöti ofan í Íslendinga?

„Nei en hugmyndin var frekar að nýta skinnin en kjötið. En þá þurftum við að vera með góða skinnaverkun og það gekk ekki. En við prófuðum þetta af því að þetta kostaði sáralítið í peningum og fyrirhöfn. Þær éta gras og það þarf lítið að eiga við þær. En við keyptum okkur dráttarvél og sláttuvél til að slá gras ofan í kanínurnar. Þetta vatt upp á sig og við keyptum okkur baggavél líka. Þá sagði Stjáni að við værum komnir með dráttarvél, sláttuvél og baggavél, af hverju ekki að vera með nokkrar rollur líka. Í fyrstu vorum við með tíu rollur og þar af einn hrút. Við létum allar gimbrannar lifa og haustið eftir keyptum við níu rollur í viðbót. Núna erum við með 45 rollur og fjóra hesta. Við vitum ekki hvað við erum með margar dráttarvélar.”

—Eruð þið að safna þeim?

„Stjáni á nokkrar vélar hingað og þangað um landið sem á bara eftir að ná í. Ég á sjálfur nokkrar vélar. Þetta er fyrir utan það sem fyrirtækið á, en þar eru nokkrar vélar og vörubíll.”

—Ykkur hefur ekki grunað þegar þið ákváðuð að fara til Íslands og vinna ykkur inn pening að tíu árum síðar ættuð



þið 45 rollur, fjóra hesta og fleiri dráttarvélar en þið hafið tölu á? „Heima hlær fólk að

okkur. Ég er sveitastrákur og sömuleiðis konan. Hún sagði einhvern tímann að alla sína

ævi hafi hún ætlað að komast úr sveitinni og verða borgarstelpa. Aldrei hafði henni

dottið í hug að enda nærri Norðurpólnum og karlinn orðinn bóndi.”

Óbeisluð fegurð sýnd í Ísafjarðarbíói

Heimildarmyndin sem Tina Naccace og Hrafnhildur Gunnarsdóttir tóku upp á Óbeislaðri fegurð í apríl verður sýnd í Ísafjarðarbíói 26. október klukkan 20. Myndin sem er 56 mínútna löng sýnir undirbúning keppinnar og hana sjálfa. Myndin er bráðskemmtileg háðsádeila á fegurðarstaðla nútímans og tekst vel að koma til skila þeirri einstöku stemningu sem var að kvöldi síðasta vetrardags í Félagsheimilinu Hnífsdal eins og segir í tilkynningu. Hrafnhildur Gunnarsdóttir leikstjóri og þáttakendur verða á staðnum, auk skipuleggenda sem hvetja fólk til að láta þessa mynd ekki fram hjá sér fara.



Sigríður eignast Jón og Gunnu

Sigríður Sigurjónsdóttir er orðin aðaleigandi fataverslunarinnar Jón og Gunnu á Ísafirði eftir kaup hennar á helmingshlut Önnu Guðrúnar Sigurðardóttur, sem starfað hefur við verslunina um árabil. Um leið og kaupin áttu sér stað, lét Anna Guðrún af störfum fyrir fyrirtækið.

„Þetta leggst ágætlega í mig enda er ég með gott starfsfólk og tryggja viðskiptavinum“, segir Sigríður. Aðspurð segir hún að ekki sé við búast neinum breytingum þótt hún haldi nú ein um stjórntaumana. „Ekki neinar stórvægi- legar breytingar a.m.k. Búðin verður rekin með svipuðu sniði þar sem við reynum að leggja áherslu á góða þjónustu, gott viðmót og gott úrval fyrir breiðan aldurshóp bæði karla og kvenna.“

Jón og Gunna hefur fyrir löngu fest sig í sessi hjá Ísfirðingum en verslunin fagnar 20 ára afmæli á næsta ári. Lengi vel var verslunin til húsa í verslunarmiðstöðinni Ljóninu á Ísafirði en fluttist í miðbæ Ísafjarðar árið 2002.

– thelma@bb.is



Ekkert hjúkrunarheimili er á norðanverðum Vestfjörðum heldur smærri stofnanir á nokkrum stöðum. Myndin er af Hlíf, íbúðum aldraða á Ísafirði.

Þörf á 30 rúma hjúkrunarheimili

Þörf er á a.m.k. 30 rúma hjúkrunarheimili á norðanverðum Vestfjörðum að mati bæjarráðs Ísafjarðarbæjar. Fyrir tæpu ári síðan tilkynnti þáverandi heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, ákvörðun um byggingu 10 rúma hjúkr-

unarheimilis í Ísafjarðarbæ, en það var liður í áætlun 174 nýrra hjúkrunarrýma á næstu fjórum árum, til viðbótar þeim hjúkrunarrýmum sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafði áður áætlað að byggja.

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ segja byggingu hjúkrunarheimilis vera stórt átak sem vinna þurfi í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. „Óskað er eftir góðu samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og fjárlaganefnd Alþingis um þetta verk-

efni“, segir í erindi Ísafjarðarbæjar til fjárlaganefndar.

Eins og greint hefur verið frá var ákvörðun um viðbót- arframlag til uppbyggingar hjúkrunarrýma tekin í fyrri, sem er í samræmi við tillögur nefndar stjórnvalda og fulltrúa

aldræðra sem kynntar voru í júlí 2006. Samkvæmt því er veitt 1,3 milljörðum króna til byggingar nýrra hjúkrunarrýma og einnig er framkvæmdasjóði aldræðra tryggt aukíð fé til frambúðar þar sem hætt verður að nýta fé úr sjóðnum.

Ekkert til fyrirstöðu að olíuhreinsistöð geti risið á Hvestu eða á Söndum

Niðurstöður rannsókna á náttúruferum á landi Hvestu í Arnarfirði og á Söndum í

Dýrafirði sýna að ekkert er því til fyrirstöðu að olíuhreinsistöð geti risið á öðrum

hvorum staðnum. Að því er fram kom í fréttum Svæðisútvarpsins er búist við að Sigl-

ingastofnun skili skýrslu vegna rannsókna á fjörðunum sjálfum á næstu dögum. Haft var eftir Aðalsteini Óskarssyni, framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga, að þá muni skýrast enn frekar hvort olíuhreinsistöð sé ákjósanlegur kostur á Vestfjörðum.

Náttúrustofu Vestfjarða var falið að kanna fuglalíf, fornleifar og gróðurfar á Hólum og Söndum í Dýrafirði og Hvestu í Arnarfirði vegna hugsanlegrar staðsetningar olíuhreinsistöðvar. Þá var fiskgengd í tveimur ám á jörðunum skoðuð sérstaklega. Segir í útdrætti Náttúrustofu að beiðnin hafi komið um miðjan júlí og of seint hafi verið að gera nákvæmt mat á fuglalífi en aðalheimildarmenn voru ábúendurnir á umræddum jörðum.

Í skýrslunni kemur fram um 800 hreiður hafi verið í æðarvarpi við Hólalón í Dýrafirði í sumar. Þá hafi sést nokkrar



Aðalsteinn Óskarsson.

tegundir fugla á valista við Sanda. Æðarvarp er við svokallaða Króka í Arnarfirði og voru þar um 130 hreiður í ár. Þá hefur fálki með unga sést í Hringisdal, sem er næsti dalur við Hvestu. Ekki eru þekktir varpstaðir í Hvestudal svo vitað sé samkvæmt greinargerð með skýrslunni.

Í skýrslu um gróðurfar segir að tvær tegundir hafi fundist á Söndum sem séu fremur sjaldgæfar, tjónubrúsi og fölvastör. Ein fremur sjaldgæf tegund fannst í Hvestu, strandsauðlaukur. – thelma@bb.is

Bjarni Brynjólfsson hreinsaður af ásökunum um fjársvik

Bæjarins besta hefur borist yfirlýsing vegna meidyrðamáls sem Bjarni Brynjólfsson, fv. ritstjóri Séð og Heyrt, höfðaði gegn Elínu G. Ragnarssdóttur fv. framkvæmdastjóra Tímaritaútgáfu Fróða ehf, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Málinu lauk með sátt 28. september sl. Yfirlýsingin sem bæði Bjarni og Elín undirrita er svohljóðandi:

„Aðilar lýsa því yfir að þeir hafa náð sáttum í meidyrðamáli sem Bjarni Bryn-

jólfsson höfðaði gegn Elínu G. Ragnarssdóttur fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Harma aðilar þann farveg sem málið rataði í á opinberum vettvangi. Engar kærur voru lagðar fram á hendur Bjarna af hálfu Elínar, útgefanda eða skiptastjóra þrotabús Tímaritaútgáfu Fróða ehf vegna þeirra atvika sem leiddu til samskipta og umfjöllunar sem meidyrðamálið fjallar um. Ásakanir sem birtust í fjölmiðlum um meint fjársvik hafa ekki reynst eiga sér stöð.“

Meidyrðamálið höfðaði Bjarni sl. haust eftir að honum var sagt upp störfum hjá Tímaritaútgáfu Fróða í lok maí 2006. Uppsögn hans var í fyrstu sögð vera vegna skipulagsbreytinga hjá fyrirtækinu og var hann beðinn um að vinna út uppsagnarfrest sinn en fáeinum dögum síðar komu fram ásakanir á hendur Bjarna um fjársvik og var honum gert að yfirgefa fyrirtækið sama dag. Var fjallað um málið í öllum helstu fjölmiðlum landsins. Í samtali við BB sagðist

Bjarni vera ánægður með þessar málalýktir. „Þetta var leiðindamál sem lýkur nú með því að nafn mitt hefur verið hreinsað. Ég get nú snúið mér að öðru en þessu málavafstri og get upplýst að ég hef verið ráðinn sem ritstjóri að tímaritunum Iceland Review og Atlantica hjá Heimi auk þess sem ég mun ritstýra tímaritinu Veiðimaðurinn áfram en það er einnig gefið út af Heimi í samstarfi við Stangaveiðifélag Reykjavíkur.“

Ísfirskir gullsmiðir opna gallery

Ísfirsku gullsmiðirnir og skargriphönnuðirnir, Dýrfinna Torfadóttir og Finnur Guðni Þórðarson, hafa opnað sameiginlega vinnustofu og gallery á Akranesi. Um 200 manns heimsóttu þau og þáðu veitingar í tilefni dagsins og mátti sjá mörg kunnugleg andlit svonefndra brottfluttra Ísfirðinga. Um kvöldið buðu Finnur og Dýrfinna gestum og iðnaðarmönnum til hófs á vinnustofunni. Dýrfinna er sem kunnugt er orðin mjög þekkt í faginu. Finnur er hins vegar hefja sjálfstæðan feril eftir að hafa lokið námi hjá henni og unnið hjá henni síðastliðin ár.



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, klippi á borða ásamt Fríðu Dögg Ragnarsdóttur formanni nemendaráðs GP við vigslu nýju skólalóðanna. Myndir: Ellert Örn Erlingsson.

„Flottustu skólalóðir norðan alpafjalla“

Nýjar og endurbættar lóðir leikskólans Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri voru teknar í notkun við formlega athöfn í síðustu viku. „Þetta er liður í stefnu sveitarfélagsins að endurnýja leikskóla- og skólalóðir bæjarins. Lóðirnar eru stórkostlegar og ég held svei mér þá að þær séu þær flottustu norðan alpafjalla“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sem við athöfnina flutti stutt ávarp og klippi á borða ásamt Fríðu Dögg Ragnarsdóttur formanni nemendaráðs GP.

Unnið hefur verið að endurbótum á báðum skólalóðunum og uppsetningu nýrra leiktækja í sumar og haust. Sett hefur verið fallvörn við



Skólalóðin er hin glæsilegasta.

leiktækni sem felst í mjúku undirlagi sem hleypir þó vatni í gegnum sig. Áætlaður kostnaður við endurbæturnar eru 10 milljónir, fjórar milljónir við grunnskólalóðina og sex við leikskólann. Unnið var við nokkuð erfiðar veðurastæður í haust og var því tjaldað yfir

framkvæmdasvæðið.

Heimamenn eru vitaskuld hæstánægðir með endurbæturnar. „Þetta eru einu leiksvæðin á Þingeyri og því mikil lyftistöng fyrir alla eyrina að fá svona aðstöðu sem stenst nútímakröfur og er eins og best verður á kosið, þetta eru

ekkert nema aukin gæði við nemendur og aðra íbúa og eru til þess fallnar að laða að heldur en hitt. Að því ósögðu að eflaust eru vandfundnar flottari skólalóðir á Vestfjörðum en hjá grunn- og leikskólunum á Þingeyri“, segir Ellert Örn Erlingsson, skólastjóri GP.

Flutningsgjöld munu lækka...

150 milljónum króna verður veitt til jöfnunar á kostnaði við vöruflutninga til Vestfjarða samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2008 sem kynnt var fyrir stuttu. Jörundur Jörundsson, framkvæmdastjóri hjá Landflutningum Samskip, segir það ljóst að flutningsgjöld til og frá Vestfjörðum muni lækka ef allir aðrir kostnaðarliðir standi í stað. „Menn voru auðvitað bara að fá þetta í hendurnar en það segir sig alveg sjálft að ef þetta gengur eftir og allur annar kostnaður stendur í stað þá munu vörugjöldin lækka. Ef kostnaður hækkar þá hækka gjöldin en þau lækka aftur á móti ef kostnaðurinn lækkar.“

Vilja að Vegagerðin sjái um veginn

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hyggst óska eftir því við samgönguráðuneytið að vegurinn frá Botni og út í Selárdal í Súgandafirði verði færður til Vegagerðarinnar, sem héraðs- eða landsvegur. Á fundi bæjarráðs fyrir stuttu var tekið fyrir erindi frístundaeigenda í Selárdal þar sem þeir segjast vera orðnir langeygir eftir marglofuðum endurbótum á veginum.

Um er að ræða 6-7 km vegarkafila sem ekkert hefur verið gert fyrir í fjölda ára annað en að hreinsa grjótt af veginum á vorin svo hann sé „fær“ yfir sumarið. Ræsi hafa lagst saman og stíflast, ofanburður er farinn veg allrar veraldar og í fjörinni hverfur vegurinn í sjóinn á köflum á veturna. „Nú er svo komið að vegurinn getur varla talist fær nema jeppum“, segir í bréfi til sveitarfélagsins.

„Þetta gerist þrátt fyrir ítrekuð loforð bæjarfulltrúa,



Suðureyri.

kosningar eftir kosningar, um að bæta þetta ástand. Viljum við fara þess á leit við yður að nú verði brugðist við og verkin látin tala. Gerð verði framkvæmdaáætlun, verkinu komið á fjárhagsáætlun og hafist handa við endurbætur hið fyrsta.“

Bæjarráð vísaði erindinu til tæknideildar vegna vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2008 og fól jafnframt bæjarstjóra að ræða við samgönguráðuneytið um að vegurinn verði færður til Vegagerðarinnar.

– thelma@bb.is

Afmæli BG fagnað á Veternóttum

Undirbúningur fyrir lista- og menningarhátíðina Veternætur gengur vel og víðar um dagskrá er að líta dagsins ljós en hátíðin fer fram í Ísafjarðarbæ dagana 25.-28. október. „Laugardagurinn er orðinn þéttskipaður og hann er í raun stærsti dagur hátíðarinnar“, segir Anna Sigríður Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar. Þá verður svokallaður Langur laugardagur á Ísaffirði þar sem verður samræmdur opnunartími í verslunum og einnig verður boðið upp á lifandi tónlistarflutning og uppboð í miðbænum, svo eitthvað sé nefnt. Seinnipartinn verða trúbadorarnir Mysterious Marta og Svavar Knútur með tónleika fyrir alla fjölskylduna í hljóðni á Heima- bæ í Arnardal.

Konukvöld verður á veitingastaðnum Við Pollinn og haldið verður upp á afmæli tónlistarmannsins góðkunnna Baldurs Geirmundssonar í Edinborgarhúsinu. „Baldur fagnar stórafmæli í október og ákvað menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar að

heindra hann með því að bjóða öllum bæjarbúum til veislu“, segir Anna Sigríður. Í afmælinu munu hinir ýmsu tónlistarmenn stíga á stókk. Í beinu framhaldi af afmælisfögnuðinum verður haldin flugeldasýning við Pollinn.

Margt fleira er að finna á dagskránni og má þar nefna sögusöngleikinn Svona eru menn með Einar Kárasyni og KK, sýningu á heimildarmyndinni um óhefðbundnu fegurðarsamkeppnina Óbeisluð fegurð, myndlistarsýningu listakonunnar Huldu Hákon og myndlistarsamkeppni barna.

Hátíðin var fyrst haldin árið 1997 og fagnar því tíu ára afmæli í ár. Veternætur voru endurvaktar fyrir fjórúmu árum og hafa síðan verið fastur liður í mannlífni á svæðinu í kringum vetrardaginn fyrsta. „Við viljum að þessi hátíð sé árviss viðburður og erum bjartsýn á að það takist þar sem vegur Veternáttu fer vaxandi“, segir Anna Sigríður Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri. – thelma@bb.is

Vestfirðingar eiga að gera kröfu um samkeppnishæf laun

Verkalýðsfélag Vestfirðinga segir að ef Vestfirðingar ætli sér að vera samkeppnishæfir um fólk á vinnumarkaði verða vinnuveitendur að bjóða upp á mannsæmandi laun á öllum sviðum atvinnulífsins. Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður félagsins, segir í pistli á vef Verk-Vest að Vestfirðingar verði að gera þá kröfu í komandi kjarasamningum að laun á atvinnusvæði þeirra verði samkeppnishæf við það sem gerist á suðvesturhorninu. „Ekki er hægt að búast við því að fólk flykkist hingað til starfa þegar stöðugt er klifað

á því að hér séu meðallaun með því lægsta sem gerist á landinu. Það er af sem áður var þegar meðaltekjur á Vestfjörðum voru með því hæsta á landsvísu og fólk flutti almennt í velmegunina hér fyrir vestan.“

Í pistlinum segir Finnbogi: „Vestfirskir vinnuveitendur verða að gera sér grein fyrir því að með því að viðhalda lágláunastefnunni er sú hættu fyrir hendi að launafólk flytjist einfaldlega burt frá Vestfjörðum í leit að mannsæmandi launum. Á meðan þessi staða er nánast viðvarandi í launa-

þróun hér í fjórðungnum getum við varla gert ráð fyrir því að manna þau störf sem okkur eru nauðsynlegt til að halda hjólum atvinnulífsins á Vestfjörðum gangandi.“

Á almennum launamarkaði býr fólk við strýpuð taxa laun og nánast ekkert umfram það. Þetta á ekki síður við um þá sem hafa langskólamenntun að baki, þeir skila sér í æ minna mæli aftur í heima- byggð ekki síst vegna þeirra launaþróunar sem þar er í gangi. Hvernig ætlumst við til að fólk setjist hér að ef ekki eru í boði laun sem duga til

mannsæmandi framfærslu?

Hér verður að koma til algjör hugarfarsbreyting við að koma launum í næstu kjarasamningum í það horf að reyni verði af. Með sameiginlegu átaki ber okkur öllum samfélagsleg skylda til að koma launaþróun á Vestfjörðum aftur í það horf að kjör á vinnumarkaði verði með því besta sem gerist á landsbyggðinni. Vestfirðingar, komum fjórðungnum aftur í fremstu röð hvað launaþróun varðar, og tryggjum með því grunninn að traustari velferð okkar allra.“

– thelma@bb.is

Vel mætt á stofnfund Púkanna

Stofnfundur Bifhjólaklúbbs Vestfjarða, Púkanna, fór fram í síðustu viku. Um þrjátíu manns mættu til fundarins og var kosið í fimm manna stjórn. „Fundurinn var vel sóttur og stofnfélagar tæplega þrjátíu. Næstu verkefni eru að gera heimasíðu og halda stjórnarfund til að leggja línurnar fyrir veturinn.“, segir Marzellius Sveinbjörnsson, nýkjörinn formaður klúbbsins. Aðrir stjórnarmenn eru Gareth Rendall, Birgir Örn Sigurjónsson, Hagbarður Marinósson, og Kristján Sigurðsson. Á myndinni er hin nýkjörna stjórn.



Mugison með nýja plötu sem á eftir að koma á óvart

Ísfrski hafnarstjórnunurinn og poppstjarnan Örn Elías Guðmundsson, eða Mugison, stefnir að því að gefa út sína þriðju sólóplötu í þessari viku.

„Það er markmiðið en ég lofa ekki að það takist því það er svo margt sem þarf að gerast til að það takist. En það verður í þessari viku eða næstu“, segir Mugison og bætir við að á plötunni séu 12 splunkuný lög beint úr ofninum. Platan ber nafnið Mugiboogie og er að mestu tekin upp í einkastúdíói tónlistarmannsins í Súðavík. Aðspurður

hvort hún sé eitthvað í líkingu við þær tvær fyrri segist Mugison halda að diskurinn muni koma fólki mjög mikið á óvart.

„Þetta eru miklu stærri lög, ef hægt er að mæla lög eftir stærð þá eru þessi XXL miðað við hinar plöturnar. Það er líka miklu meiri keyrsla á þessari plötu, þetta

er alveg fimmti girinn.“ Mugiboogie var tvö ár í vinnslu en á þeim tíma gerði Mugison tónlistina fyrir tvær bíómyndir Little Trip to Heaven og Mýrina. Áður hefur Mugison gefið út plöturnar Lonely Mountain árið 2003 og Mugimama, Is This Monkey Music 2005. Hjóðfæraleikarar á plötunni eru þeir Arn-

ar Geir Ómarsson og Guðni Finnsson úr hljómsveitinni Dr. Spock sem sjá um trommur og bassa, Davíð Þór Jónsson á hammond og píanó og Pétur Ben á gítar.

Stefnan er að kynna plötuna á hringferð um landið í nóvember og stefnt er á útgáfutónleikana í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þann 1. nóvember. „Það væri næs ef fólk vildi taka daginn frá því það mættu nefnilega svo fáir á síðustu útgáfutónleika á Ísafirði. Engar afsakanir núna ef fólk ætlar að geta

horft framan í mig þegar það hittir mig í bakarínu.“

Þá er einnig í deigluinni halda tónleika í Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi og Danmörku. „Það eru ekki beint útgáfutónleikar heldur bara til að minna á mig og kynna þetta aðeins fyrir út-

landinu því ég er búinn að vera svo latur við að spila þar. Ég tók mér frí frá tónleikum á meðan ég var að vinna plötuna, fyrir utan nokkur góðgerðargigg, en ég var búinn að bóka nokkur gigg í útlöndum.“

– thelma@bb.is



Arnar Guðmundsson í viðtali við kynni þáttarins, Unni Birnu Vilhjálmsdóttur, alheimsfegurðardrottningu.

Tveir komust áfram í „Bandinu hans Bubba“

Leitin að nýjum roksöngvurum af báðum kynjum fyrir Bandið hans Bubba, nýjan tónlistar- og skemmtiþátt Bubba Morthens hófst í Bolungarvík í síðustu viku. Tveir komust áfram í prufunum en þeir eru báðir Bolvíkingar, Birgir Olgeirsson og Einar Örn Konráðsson. Fjöldi manns var samankominn í Einarshúsi í Bolungarvík þar sem tókur stóðu yfir frá kl. 19:30–23. Eftir að prufunum lauk endaði Bubbi kvöldið á nokkrum vel völdum lögum við góðar undirtektir viðstaddra.



Fjöldi manns var samankominn í Einarshúsi.

Aðeins 1 króna fyrir börnin

www.flugfelag.is | 570 3030

1 kr. aðra leiðina + 490 kr. 10.- 30. október.
(flugvallarskattur)

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn 2 – 11 ára í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- bókanlegt frá 9. október 2007
- ferðatímabil 10. – 30. október 2007

býst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is

Ticket Hugsið

Mikill áhugi fyrir þjóðbúningum

Mjög mikill áhugi er meðal kvenna á norðanverðum Vestfjörðum að sauma eigin þjóðbúning. Í fyrra sóttu átta konur námskeið sem haldið var á Ísafirði og að því er fram kemur á ruv.is hafa 18 skráð sig til þátttöku á næsta námskeiði. Margrét Skúladóttir formaður, Þjóðbúningafélags Vestfjarða, segir mikla vakningu vera í félaginu, aðsóknin sýni það. Þjóðbúningafélag Vestfjarða var formlega stofnað í mars í kjölfar þjóðbúningasamsnámskeiðs sem haldið var á Ísafirði í fyrravetur. Fyrsta verk félagsins var að setja upp veglega sýningu í sýningarsal Safnahússins á Eyrartúni á gömlum búningum í eigu safnsins auk búninga frá þjóðbúningastofu.

Óska eftir 60 milljónum til uppbyggingar á skíðasvæði

Ísafjarðarbær hefur óskað eftir 60 milljón króna framlagi frá ríkinu til frekari uppbyggingar á skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal. Um er að ræða verkefni sem finna má Vestfjarðaskýrslunni en það var sett þar inn í samráði við þing-

menn og þáverandi samgönguráðherra.

Gert er ráð fyrir að fjármagn til framkvæmda verði tryggt samkvæmt Vestfjarðasamningnum, samtals 60 milljónir króna, og framlagi einstaklinga sem nemur 40 milljónum

króna. Þetta kom fram á fundi formanns bæjarráðs og bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar með fjárlaganefnd alþingis í lok september.

Einkaaðilar hafa lýst áhuga á að koma til liðs við stjórnvöld og sveitarfélög á Vest-

fjörðum um frekari uppbyggingu skíðasvæðisins í Tungudal til að takast á við nýja tíma og breyttar kröfur. Vegna veðurfarsbreytinga þarf að auka snjósöfnun með landslagsmótun og einnig þarf að bæta við lyftum.



Flateyri.

Breyting á aðalskipulagi Flateyrar staðfest af umhverfisráðherra

Umhverfisráðherra hefur staðfest breytingu á aðalskipulagi Flateyrar 1996 – 2015. Tillagan tekur til breytinga á svæði austan við Hafnarstræti, milli Tjarnargötu og Ránargötu, sem ætlað er fyrir íbúðarsvæði, iðnaðarsvæði og blandaða landnotkun breytist

í svæði fyrir verslunar- og þjónustusvæði. Þá er gert ráð fyrir nýrri götu austan Hafnarstrætis. Samtímis breytingu á aðalskipulagi var auglýst deiliskipulagstillaga sem tekur til lagningu götu austan við og samsíða Hafnarstræti, þar er gert ráð fyrir níu nýjum

lóðum fyrir útleiguhús.

Sjóstangveiði er ný atvinnugrein innan ferðaþjónustugeirans og er að skjóta rötum í sjávarbyggðum Vestfjarða. Þörf er fyrir hentugt gistirými í nálægð við hafnarvæði fyrir þessa starfsemi. Megin markmið með breytingu á aðal-

skipulagi þessu er að skapa svæði fyrir útleiguhús nálægt hafnarvæðinu. Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið, austan við Hafnarstræti þar sem gert er ráð fyrir níu nýjum lóðum fyrir útleiguhús verði staðfest.

Enn stendur styr um skólaakstur

Enn er óvíst hvernig skólaakstri í Dýrafirði verði háttáð en styr hefur staðið um aksturinn frá því í sumar. Skólaaksturinn var boðinn út tvisvar í sumar en í fyrra skiptið týndist eitt tilboðanna, sem var það lægsta, frá Jóni Reyni Sigurðssyni. Tilboð hans var opnað skömmu síðar og tekið gilt. Í kjölfar vandræðagangs sem þessu fylgdi var þó talið réttast að bjóða verkið út aftur. Stuttu eftir seinna útbóðið féll lægst-

bjóðandi, sem þá var Sigríður Helgadóttir, frá tilboði sínu en sviðstjóri umhverfissviðs sveitarfélagsins hafði mælt með að gengið yrði til samninga við hana og var öðrum tilboðsgjöfum í kjölfarið sent bréf að þeirra tilboðum væri hafnað.

Á síðasta bæjarráðsfundi var tekið fyrir bréf sem lögfræðingur Jóns sendi Ísafjarðarbæ þar sem forvitnast er um hvort verkið verði boðið út í

þriðja sinn eða hvort samið verði við annan tilboðsgjafa eftir að tilkynnt hafi verið að öðrum tilboðum hafi verið hafnað.

Tilboðin sem bárust í fyrra útböðinu:

Jón Reynir Sigurðsson - 8.550 krónur fyrir hverja fer. F&S hópferðabílar ehf. - 9.164 krónur fyrir hverja ferð. Svanberg R. Gunnlaugsson - 9.450 krónur fyrir hverja ferð.

Tilboðin sem bárust í seinna skiptið sem boðið var út eru eftirfarandi:

Jón Reynir Sigurðsson - 8.550 krónur fyrir hverja ferð. F&S hópferðabílar ehf. - 7.950 krónur fyrir hverja ferð. Sigríður Helgadóttir - 7.350 krónur fyrir hverja ferð.

Sem fyrr segir hefur Sigríður fallið frá tilboði sínu og hefur bæjarstjórn þegar falið bæjarteknifræðingi að ræða við F&S hópferðabíla.

Pabbinn í Edinborgarhúsinu

Einleikurinn Pabbinn verður settur upp í sal Edinborgarhússins á Ísafirði í kvöld. Höfundur og leikari er Bjarni Haukur Þórsson, en leikstjóri er Sigurður Sigurjónsson. Pabbinn er einleikur sem fjallar á gamansaman hátt um hvað það er að vera pabbi í nútímasamfélagi. „Pabbinn fjallar um aðdraganda þess að hann og konan hans ákváðu að eignast barn. Hvað gerist á meðgöngunni og við undirbúning fæðingarinnar. Fæðingunni og fyrstu skrefunum eru gerð góð skil þegar heim er komið. Allt er séð frá sjónarhóli karlmansins.“

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali
 Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244
Guðmundur Óli Tryggvason
löggiltur fasteignasali
 Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
 Heimasíða: www.fsv.is

<p>Hjallavegur 4, Ísafirði 212 m² steinsteipt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 30 m² bílskúr. Fimm svefnherbergi. 22.300.000,-</p>	<p>Fjarðarstræti 57, Ísafirði Fjögurra herbergja íbúð á 3.hæð í fjölbýli, íbúðin er skráð 85,2 m² og geymsla í kjallara 15,6 m² að stærð. 10.900.000,-</p>
<p>Aðalstræti 13, Ísafirði Fjögurra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli ásamt stórum kjallara og helmingi bílskúrs. Íbúðin er 109 m² og kjallari er ca.72 m². 12.500.000,-</p>	<p>Aðalgata 6, Súðavík 166 m² atvinnuhúsnæði á einni hæð í sumarbyggð Súðavíkur. Dvöl er óheimil yfir vetrartíma. 4.000.000,-</p>
<p>Stakknes 6, Ísafirði 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt 30m² bílskúr. 19.500.000,-</p>	<p>Smiðjugata 6, Ísafirði 178 m² einbýlishús út timbri á tveimur hæðum. Eignarlóð með fallegum garði. 14.500.000,-</p>
<p>Aðalgata 34, Súðureyri 94 m² einbýlishús á einni hæð. 5.500.000,-</p>	<p>Krókur 3, Ísafirði 143 m² einbýlishús á tveimur hæðum, bílgeymsla á neðri hæð. 11.500.000,-</p>
<p>Aðalstræti 26A, Ísafirði Fjögurra herbergja íbúð á tveimur hæðum í þrjúbýlishúsi samtals 108,6 m² að stærð. 7.000.000,-</p>	<p>Aðalstræti 16, Bolungarvík 75 m² einbýlishús úr timbri með steyptum kjallara, 500 m² eignarlóð fylgir. Vel staðsett í bænum, tilvalið sumarhús fyrir brottflutta Vestfirðinga. 6.500.000,-</p>

Lögfræðipjónusta

Alhliða lögfræðipjónusta við einstaklinga og fyrirtæki á Vestfjörðum.

Upplýsingar og tímamantanir í síma 551 7280 og 696 0646.

Puríður Halldórsdóttir hdl.,
 thuridurkh@islandia.is

Skemmtiferðaskipið Costa Atlantica við eyjuna Santorini sem tilheyrir Grikklandi.



Fimmtugir í siglingu á fljótandi lúxus hóteli

Hópur afmælisbarna frá Ísafirði fóru í siglingu um Miðjarðarhafið á glæsilegu skemmtiferðaskipi í september. Um var að ræða vinahóp sem fagnaði fimmtú ára afmæli í ár. Ferðalangarnir komu við í nokkrum löndum og skoðuðu sig um í framandi umhverfi. Farið var til Ítalíu, Sikileyjar, Egyptalands, Kýpur, Tyrklands og Grikklands. Fararskjóttinn var hið glæsilega fley Costa Atlantica sem er um 86.000 tonn að stærð. Skipið sem byggt var árið

2000 er 298 metra langt og 33 metra breitt. Sigrún Halldórsdóttir, ein ferðalanganna, segir alla ferðina hafa verið mikla upplifun en það sem hafi staðið upp úr væri Kairó, höfuðborg Egyptalands og eyjan Santorini sem sumir hafa haldið fram að sé hin týnda Atlantis.

Kveikjan að ferðinni frekar óvenjuleg en uppspretta hennar er saumaklúbbur sem nokkrar ísfirskar stúlkur stofnuðu 11 ára gamlar.

„Þetta var svokölluð fimm-

tugsferð en frumkvæðið af henni áttu nokkrar konur í saumaklúbb. Þetta er í raun einn saumaklúbbur sem er starfræktur er af brottfluttum Ísfirðingum, annars vegar á Ísafirði og í Reykjavík. Við sem byrjuðum í upphafi höfum verið í saumaklúbbnum í 39 ár, eða frá því að við vorum 11 ára gamlar. Í þessari ferð voru fjórar af þeim fimm sem stofnuðu saumaklúbbinn auk átta af þeim níu sem voru í klúbbnum sem unglingar. Þetta var því mjög skemmtilegt.“

– Hversu margir fóru í ferðina?

„Hópurinn taldi 28 manns og af þeim voru fimmtán sem fagna fimmtugsafmæli á þessu ári. Það var ákveðið fyrir um fimm árum að fara í siglingu þegar við yrðum fimmtug. Þar sem það var góður aðdragandi að ferðinni sáu sér fleiri fært fara í hana og mætingin var mjög góð.“

– Er það í bígerð að endurtaka leikinn á sextugsafmælinu?

„Nei, en reyndar höfum við



Portofino á Ítalíu var á meðal þeirra staða sem hópurinn sótti heim í ferðinni.

ákveðið að fara í einhverja ferð eftir fimm ár. Það er harðákveðið að gera eitthvað skemmtilegt aftur þá, því þetta er mjög góður og samstilltur hópur.“

– Hvað stóð upp úr í ferðinni?

„Það var mikil upplifun að koma til Kairó í Egyptalandi. Ég held að það hafi staðið upp úr hjá okkur öllum. Svo líka bara þessi lúxus að vera um borð í háklassa skemmtiferðaskipi. Ég vil hvetja fólk til að prófa þennan frábæra ferðamáta. Maður hefur allt til alls á fljótandi hóteli, fer að sofa að kvöldi og vaknar í nýju landi að morgni. Þetta er algjör

lúxus fyrir utan að maður sleppir við allar fríhafnir og allt slíkt.

Það var mikil upplifun að koma til allra þessa landa sem við heimsóttum. Við byrjuðum á fjórum dögum í Rapallo á Ítalíu þar sem við skoðuðum okkur um, bæði í Rapallo og næsta nágrenni. Við fórum síðan um borð í skipið í Savona og sigldum til Napolí þar sem margir skoðuðu Pompei. Síðan sigldum við til Sikileyjar og fórum þaðan yfir Miðjarðarhafið til Alexandríu í Egyptalandi og áfram til Kairó. Þá til Limmasól á Kýpur, Marmaris í Tyrklandi, Santorini í Eyjahafinu og



Ferðalangarnir fimmtugu: Efri röð frá vinstri: Gunnhildur Hauksdóttir, Sigrún Halldórsdóttir, Ása Grímsdóttir, Steinunn Árnadóttir, Ásgerður Jónasdóttir, Guðný Hólmgeirsdóttir, Kristín Marteinsdóttir, Helga Harðardóttir, Brynja Guðmundsdóttir og Stefania Birgisdóttir. Neðri röð frá vinstri: Helgi F. Arnarson, Sigurjón J. Sigurðsson, Róbert Guðfinnsson, Guðmundur Einarsson og Svanbjörn Tryggvason.



Nokkrir ferðalanganna fyrir framan einn af píramíðunum í Kairó í Egyptalandi. Frá vinstri: Sigríður Bragadóttir, Eiríkur Kristófersson, Sigrún Halldórsdóttir, Oddný Bára Birgisdóttir, Stefán Ómar Jónsson og Brynja Guðmundsdóttir.




Hluti hópsins fyrir framan Sphinx-inn við Kairó. Frá vinstri: Ása Grímsdóttir, Sigurjón Guðmundsson, Brynja Guðmundsdóttir, Stefán Ómar Jónsson, Oddný Bára Birgisdóttir, Björn Jóhannesson, Kristjana Jónasdóttir, Gunnar Árnason, Sigrún Halldórsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Eiríkur Kristófersson.




Costa Atlantica

Byggt árið 2000 · Farþegafjöldi: 2114 · Áhöfn: 897 · Fjöldi káeta: 1057 · Tonn: 85.619 · Lengd: 298 metrar · Breidd: 33 metrar · Fjöldi þilfara: 15 (12 fyrir farþega) · Hámarkshraði: 24 hnútar



Mikil fegurð er á eyjunni Santorini í Eyjahafinu.



Byggðin á Santorini nær fram á fjallsbrúnir.



Síkiley kvödd á sólríkum degi.



Frá Olympus í Grikklandi.

Katakolon í Grikklandi þar sem Olympus var skoðað og síðan var siglt aftur til Savona. Við komum við á Santorini sem er gullfalleg grísk eyja. Allt umhverfið var stórkostlegt og við skemmtum okkur konunglega," sagði Sigrún Halldórsdóttir.

- thelma@bb.is



Frá Pompei á Ítalíu.



Mikið mistur var yfir Kairó þegar ferðalangarnir heimsóttu borgina.

Mannlífið

Smáauglýsingar

Til sölu er stofuskápur. Fæst á góðu verði. Upplýsingar í síma 892 4818 eða 456 3814.

Lítil stúdíóbúð leigist í eina eða fleiri nætur, kr. 5000 nóttin fyrir tvo með uppabúnu rúmi og handklæði. Aukadýna fyrir börn. Uppl. gefur Vala í síma 696 0439.

Einn góður fyrir veturinn! Til sölu er Subaru Legacy 2,0 GL árg. 06/99, beinskiptur, dráttarkrökur, ekinn 131 þús. km. Sumar- og vetrardekk á felgum. Skoðun 08. Bíll í góðu standi. Uppl. í sínum 892 0632 eða 456 4261.

Til sölu eru fjögur nagladekk í stærðinni 235/75 R15. Uppl. í síma 893 4546.

Til sölu er einbýlishúsið að Bakkavegi 29 í Hnífsdal. Nánari upplýsingar fást á www.123.is/bakkavegur og á netfanginu hulda.haf@hotmail.com.

Í hæfingarstöðinni Hvestu fer fram framleiðsla á kertum og okkur vantar hráefni. Ef þú átt aflögu kertastubba eða brotin kerti, þá tökum við á móti slíku í endurvinnslunni frá kl. 13-16 alla virka daga. Starfsólk og leiðbeinendur.

Súpukvöld kvennadeildar SVFÍ hafa verið endurvakin. Á morgun kl. 18:30 mætum við í Guðmundarbúð með fallegu sjólin okkar, sem verður þema kvöldins.

Þar með tvö börn óska eftir íbúð á Ísafirði til leigu frá og með 15. desember. Reglusemi heitið. Upplýsingar í síma 849 8699.

Afmæli



Þann 22. október verður **Ingibjörg Friðbertsdóttir 70 ára**. Af því tilefni langar eiginmanni hennar og fjölskyldu að bjóða vinum og vandamönnum að gleðjast með henni í Verkalýðshúsi Súgufirðinga laugardaginn 20. október kl. 20:00.

Spurning vikunnar

Lest þú oft blogg-síður á netinu?

Alls svöruðu 574.

Já sögðu 160 eða 28%
Stundum sögðu 175 eða 30%
Sjaldan sögðu 146 eða 25%
Aldrei sögðu 93 eða 17%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



„Flær leynast víða“

Sófasett, hillusamstæður og þrekhljól er meðal þess sem má finna á markaðinum.

Á efri hæðinni í verslunarmiðstöðinni Ljóninu á Ísafirði er flóamarkaður JCI Vestfirðir til húsa. Á markaðinum kennir ýmissa grasa, þar má finna sófa, rúmgafra, náttborð og fleiri húsgögn af öllum stærðum og gerðum. Glös, diskar og annar húsbúnaður fyllir hillur sem eru meðfram öðrum vegg verslunarrýmisins. Fyrir miðju er hilla með skóm og í hinum endanum er fatahengi með allskyns yfirhöfnum; plastjakkar með hlébarðamunstri og Álafossúlpur kúra þar hlið við hlið. Á borði er haugur af fötum. Blaðamaður rekur strax augun í bleika lopapeysu með gullþræði og tekur hana traustataki. Rauðar gallabuxur heilla minna og fá að liggja áfram á borðinu. Tugir handtaska hanga á snaga og stafar af bókum standa í hillum. Þar má sjá titla eins og Nancy Drew og skakki strompurinn, Ástir piparsveinsins og Grænmeti og ber allt árið.

Flóamarkaðurinn var á sínum tíma settur á fót í fjárflyunarskyni fyrir JCI Vestfirði.

„Við vorum að safna fyrir ferð á heimsping JCI International, sem haldið var í Las Vegas árið 2002“, segir Gísli Elís Úlfarsson, félagi í JCI Vestfirðir. Hann segir markaðinn hafa gengið svo vel að ákveðið hafi verið að halda honum áfram, enda sé ýmislegt sem félagið þarf að safna

fyrir, svo sem ferðum til Reykjavíkur á ræðukeppni og ferðum leiðbeinenda til Vestfjarða.

„Öll önnur JCI félög á Íslandi eru staðsett á suðvesturhorninu þannig að við þurfum að eiga fyrir ferðakostnaði bara til að geta sinnt okkar félagsstarfi“, segir Ingibjörg. „Auk þess tökum við líka þátt í alþjóðastarfi JCI.“

„Framtakið hefur vakið athygli annarra JCI samtaka, bæði á Íslandi og erlendis“, segir Gísli. Hann og kona hans, Ingibjörg Sólveig Guðmundsdóttir, eru að vinna á markaðinum þegar blaðamaður ber að garði. Þennan daginn afgreiðir Ingibjörg að mestu á meðan Gísli radar húsgögnum til að rýma til fyrir nýjum. Sonur þeirra hjóna fær að hjálpa til og virðist una sér vel innan um alla skrítnu og skemmtilegu hlutina á markaðinum.

„Við sækjum gjarna húsgögn og dót heim til fólks sem vill losna við það, en fólk-ið getur líka komið hingað með dótið“, segir Gísli og bætir því við að ef mikið safnist af fyrirferðamiklum hlutum geymi þau þá í bílskúrnum hjá sér eða annars staðar þar sem er laust pláss.

„Hingað kemur fólk af öllum stígum samfélagsins, útlendingar jafnt sem Íslendingar. Fólk hefur byrjað búskap sinn nær eingöngu með hús-



Töskur og bakpokar af öllum stærðum og gerðum.

gögn af flóamarkaðinum“, segir Ingibjörg.

„Ég nefni það oft og mér finnst það mjög sniðugt, að hingað kemur fólk með dót

sem það ætlar jafnvel að henda, svo fráleitt þykir því að einhver vilji taka við því. Við tökum auðvitað við öllu nýtilegu, en fitjum stundum

upp á nefið yfir einhverju sem okkur þykir hálf ósmekklegt eða skrítið. Síðan kemur hingað fólk sem fellur alveg í stafi yfir því sem okkur finnst ekki

Funi: „Huga þarf að öryggi utan stöðvarhússins“

Í hættumati sem Veðurstofa Íslands gerði vegna ofanflóða fyrir svæði umhverfis þéttbýlið á Ísafirði kemur fram að varnarfleygurinn sem ver sorpbrennslustöðina Funa sé nægileg aðgerð til þess að áhætta í húsinu svari til þess að það sé á hættusvæði B. Á slíku svæði er heimilt að reisa hús fyrir atvinnustarfsemi. „Varnarfleygurinn hefur sýnt gildi sitt með ótvíræðum hætti nokkrum sinnum og komið í veg fyrir tjón á byggingunni með því að bægja frá flóðum sem ella hefðu lent á henni. Þrátt fyrir þetta þarf að huga að öryggi þegar unnið er utan stöðvarhússins þar sem fleygurinn veitir mjög staðbundna vörn.“



Lengi er hægt að gramsa í stórrí fatahrúgunni.

merkilegt. Það hefur þá kannski verið að leita að þessum tiltekna hlut eða húsgagni í mörg ár. Smekkur fólks er auðvitað svo mismunandi og það sem einum finnst vera drasl er gull og gersemar í augum annarra. Við erum svo ólík, sem betur fer, og það er það sem gerir svona flóamarkaði svo skemmtilega.

Hingað kemur stundum fólk að leita að einhverju sem það hefur verið á höttunum eftir í mörg ár. Það fer kannski reglulega flóamarkaði og í Kolaportíð að leita að hlutum“, segir Gíslí.

Hér viðurkennir blaðamaður að vera sjálfur fló í eðli

sínu, hann hafi til dæmis glaðst mikið þegar hann fann bók númer 26 um Ísólkið á 50 krónur í Kolaportinu fyrir nokkru, enda sú með eindæmum vandfundin.

„Flær leynast víða og margir sakna markaðarins þegar við stöndum okkur ekki nógu vel að hafa markaðinn opinn“, segir Ingibjörg. „En þetta er auðvitað allt unnið í sjálfböðavinnu og ef við höfum ekki tíma til þess að hafa markaðinn opinn verður bara að hafa það.“

Þau hjónin segjast nú heim-sækja flóamarkaði þegar þau eru á ferðalögum erlendis. Þau hafa meðal annars skoðað

flóamarkaði í Kaupmannahöfn, Las Vegas og París.

„Það var æðislegt að skoða markaði í París en í Las Vegas var markaðurinn í svo miklu „gettói“ að enginn leigubílstjóri fékkst til að koma að sækja okkur“, segir Gíslí.

Aðspurður um skemmtileg atvik segist Gíslí sérstaklega muna eftir einni sendingu af dóti sem JCI fékk gefins.

„Við vorum beðin um að koma og sækja mikinn stafla af dóti heim til konu einnar á Ísafirði, þarna voru húsgögn, bækur og ýmislegt smálegt. Ofan í einum kassanum fundum við hins vegar hluti sem áttu greinilega ekki að fara til

okkar, ástarbréf, einkunna-spjöld og fleira. Við hringdum því í konuna og létum hana vita. Hún varð ósköp glöð að fá bréfin sín aftur.“

En hvað ætli svona starfsemi velti miklu?

„Ætli meðaltalið sé ekki svona 10-20.000 krónur í hvert skipti sem við höfum opið. Mest græðum við á því að selja húsgögnin, en við hvetjum fólk sem hingað kemur eindregið til þess að fara yfir á Húsgagnaloft til Grétars að kaupa sér nýjar mubblur og láta okkur fá þær gömlu“, segir Ingibjörg hlæjandi. „Þannig græða allir.“

– tinna@bb.is



Glös, diskar, amboð og ýmis smærri og stærri búshöld fylla hillur.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Suðlæg átt og rigning með köflum, en úrkomulítið fyrir norðan. Milt veður.

Horfur á laugardag: Suðlæg átt og rigning með köflum, en úrkomulítið fyrir norðan. Milt veður.

Horfur á sunnudag: Suðlæg átt og rigning með köflum, en úrkomulítið fyrir norðan. Milt veður.



Sælkeri vikunnar er Steinþór Guðmundsson á Ísafirði

Sænskur kjúklingaréttur

Sælkeri vikunnar deilir með lesendum BB rétti sem gengið hefur í gegnum kynslóðir hjá eiginkonu hans sem er frá Svíþjóð. Steinþór bendir á að hægt er að skipta kjúklingnum í réttinum út fyrir fisk og/eða rækjur ef fólk kys. Rétturinn er borinn fram með hrísgrjónum, salthnetum, kókosmjöli og niðursoðnum mandarínnum. Þá er einnig gott að hafa salat sem meðlæti ef fólk vill.

Sænsku kjúklingaréttur

- 1 grillaður kjúklingur
- 2 græn epli
- 2 gulir laukar
- 5 dl kjötsöð með nautakrafti
- 2 dl rjómi
- 4-6 msk karry
- 1tsk salt
- ¼ timjan
- 4 hvítlauksrif

1 dós niðursoðnir tómatar

Takið kjarnann úr eplunum en skiljið hýðið eftir á og skerið niður í bita á stærð við sykurmola. Takið laukinn og skerið í niður í bita og steikið á ásamt eplunum á pönnu þar til mjúkt. Setjið kjötsöðið í pott og hitið og hellið síðan lauknum og eplunum út í. Úrbeinið kjúklinginn en hafið skinnið enn á og rífið niður í bita út í pottinn. Hrærið kryddið út í rjómann og hellið síðan út í pottinn. Rétt áður en rétturinn er borinn fram eru niðursoðnu tómatararnir settir út í svo þeir haldist heilir.

Ég skora á Eddu Björk Magnúsdóttur í Ytri-Hjarðardal í Dýrafirði að verða næsti sælkeri vikunnar.



Fékk heimasíðu í afmælisgjöf

Ísfriski tónlistarmaðurinn Baldur Geirmundsson varð sjötugur á mánudag. Meðal afmælisgjafa sem hann hefur fengið í dag er heimasíða synir hans og fjölskyldur færðu honum. Þar er að finna ótal myndir frá 50 ára sögu hljómsveitarinnar BG, skemmtilegar sögur, blaðagreinar, BG lög og textar, myndband og fl.

„Nú eru 50 ár liðin frá því

Baldur Geirmundsson stofnaði sína fyrstu hljómsveit, undir nafni BG þótt hann hafi trúlega verið byrjaður að spila á nikkuna töluvert fyrir á samkomum og böllum“, segir á heimasíðunni.

Baldur Björn Geirmundsson fæddist að Látrum í Aðalvík 15. október 1937. Foreldrar voru Regína Guðmunda Sigurðardóttir frá Látrum og Geirmundur Júlíusson frá Atlastöðum í Fljótavík, sem bæði eru látin. Börn þeirra urðu sjö, sex synir og ein dóttir. Halldór, Gunnar, Sigurlín, Helgi, Ásta, Baldur og Karl.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn

BÍLAVERIÐ ehf
(Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar)

Dekkþjónusta
Tímamantani á heimasíðu
Sími: 456 3501 www.bilaverid.is

Sameining til eflingar og framfara fyrir Sparisjóð Vestfirðinga

Samrunaáætlun við Sparisjóðinn í Keflavík og Sparisjóð Húnaþings og Stranda leggst vel í stofnfjáraðila í Sparisjóði Vestfirðinga að sögn Angantýs Jónassonar, sparisjóðsins. Á fundi stofnfjáraðilanna sem haldinn var á Þingeyri í síðustu viku var sam-

þykkt að auka stofnfé sjóðsins. „Sú tilfinning sem ég fékk var að stofnfjáraðilarnir væru ánægðir með samrunaáætlunina og teldu það vera til eflingar og framfara fyrir sparisjóðinn að sameinast.“

Gert er ráð fyrir að stofnfé sparisjóðanna þriggja verði

aukið í 5,7 milljarða króna í tengslum við sameininguna. Eigið fé sameinaðs sjóðs mun nema um 21 milljarði króna og telja forsvarsmenn sjóðanna ljóst að með sameiningunni geti sjóðirnir sinnt enn stærri verkefnum og eflt þjónustu við viðskiptavinum sína.

Angantýr segir næsta skref vera að vinna í útboðslýsingu og undirbúa áskriftartímabil fyrir stofnfjáraðila sem muni standa yfir í ákveðinn tíma. Að því loknu verður samruninn lagður endanlega fyrir stofnfjáraeigendur. Stefnt er að því að sameiningin eigi sér

stað fyrir nóvemberlok en samningaviðræður sparisjóðanna þriggja hafa staðið yfir síðan í sumar.

Sparisjóður Vestfirðinga var stofnaður árið 2001 með sameiningu fjögurra sparisjóða.

– thelma@bb.is



Útibú Sparisjóðs Vestfirðinga á Ísafirði.



Steypuvinna gengur vel á Ásgeirsbakka en tíðarfarið hentar vel til slíkrar vinnu.

Hyllir undir lok stærsta verkefnis Ísafjarðarhafnar í áratugi

Framkvæmdir við Ásgeirsbakka á Ísafirði ganga vel og er fyrirtækið Geirnaglinn ehf. í óða önn að steypa þekjur um þessar mundir. „Við erum loks farin að sjá fyrir endann á þessu verkefni sem er það stærsta sem höfnin hefur tekið sér fyrir hendur í áratugi“, segir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri í Ísafjarðarbæ. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir við Ásgeirsbakk-

ann á Ísafirði á undanföllum misserum. Gömul stálþil sem hafa staðið sína plikt síðan 1955 hafa verið fjarlægð og ný sett niður í þeirra stað.

„Þegar steypuvinnunni er lokið þá er þeirri dýru framkvæmd sem endurbygging Ásgeirsbakka hefur verið lokið“, segir Guðmundur. Verklök eru áætluð 1. desember en að sögn Guðmundar gæti verkinu verið lokið fyrr ef tíð-

arfar helst eins og það hefur verið. „Veðrið hentar vel til steypuframkvæmda og verkið gengur afar vel.“

Þó verður framkvæmdum ekki lokið hjá höfninni við verklök en margt framundan í þeim málum. „Viðhald á gömlum mannvirkjum verður stór þáttur í rekstri hafnarinnar á komandi árum. Til að mynda erum við að fara ráðast í endurgerð á löndunarkantinum á

Suðureyri sem er orðinn gamall og lúinn. Það er engin önnur leið að viðhalda þessum gömlu mannvirkjum en að klæða stálþil fram yfir stálþil, og stál hefur hækkað mjög í verði undanfarin ár,“ segir Guðmundur.

Geirnaglinn ehf. á Ísafirði bauð lægst í annan áfanga þekju og lagna á Ásgeirsbakka og hljóðaði tilboðið upp á 32 milljónir króna.



Vantar 40 milljónir fyrir stolt bæjarins

Gert er ráð fyrir að kostnaður við endurbætur á gömlum húsum í eigu Ísafjarðarbæjar nemi um 40 milljónir króna á næsta ári. Ísafjarðarbær státar af fjölda friðaðra húsa en kostnaður vegna þeirra eykst ár frá ári.

„Þrátt fyrir góðan vilja ræður Húsafriðunarnefnd ekki við að styrkja öll þau verkefni sem nauðsynlegt er að styrkja. Til að geta sinnt þessum verkefnum vantar auknið framlag til húsafriðunarsjóðs eða sérstakt framlag til Ísafjarðarbæjar vegna gamalla húsa“, segir í erindi bæjaryfirvalda til fjárlaganefndar Alþingis. Þar kemur fram að húsin séu stolt bæjarins og aðdráttarfl og þess

vegna sé lagður metnaður í að halda þeim eins vel við og kostur er. Samt þurfi að gera mikið betur.

Sex hús eru í endurgerð hjá Ísafjarðarbæ, annað hvort í samstarfi við aðra eða alveg hjá bænum. Þau eru Salthúsið á Þingeyri en áætlað er að þörf sé á 7 milljónum vegna framkvæmda á því á næsta ári. Vegna endurbóta á Pakkhúsinu á Flateyri vantar 20 milljónir en sótt er um 8 milljónir fyrir árið 2008. Í Neðstakaupstað vantar 12 milljónir fyrir Faktorshúsið, 3 milljónir fyrir Tjöruhúsið, 5 milljónir fyrir Turnhúsið og 5 milljónir vegna Krambúðarinnar.

Skíðasvæði Ísfirðinga þarf 100 milljónir

Steingrímur Einarsson, formaður stjórnar skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar, segir skíðasvæðið þurfa 100 milljónir í „fyrstu lotu“ fyrir þær framkvæmdir sem framundan eru á svæðinu. Ekki er komið á hreint nákvæmlega hversu mikið fjármagn fæst, en beðið sé eftir ríkisvaldinu í þeim efnum. „Vinnan er nú bara rétt að byrja hjá okkur, ekki komið af stað almennilega. En það sem er mikilvægt í þessu er

það að við setjum okkur framtíðasýn, því það er ljóst að það eru miklar framkvæmdir framundan.“

Á fundi stjórnar skíðasvæðisins í síðustu viku var rætt um þær framkvæmdir sem fara þarf í á Skíðasvæðinu, tækja- og búnaðarkaup, uppbyggingu o.fl. „Nefndin telur að nauðsynlegt sé að forgangsraða væntanlegum verkefnum og kostnaðargreina þau. Stofnkostnaður er mikill

og þarf að tryggja stofnfé. Rætt um mikilvægi þess að farið verði í stefnumótunartölvu.“

Á fundinum var einnig rætt um sérstök skíðahlið sem ætlað er að bæta aðsókn að skíðasvæðinu. „Rætt var um skíðahlið (Ski-Data), sem sett yrðu við upphafsstöðvar skíðalyftna. Nefndin stefnir að því að kaupa skíðahlið þegar á þessu ári ef rekstrarafgangur verður af rekstri ársins.“



Skíðasvæðið í Tungudal.